

>> Skíða blaðið

BLAÐ SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIRÐINGA
2011





FERMINGARGJAFIR Í EYMUÐSSON

Íslands eina von þarf góðan stuðning til framtíðar

Verð frá

9.999 kr.

Taska á hjólum
Eggert Ólafsson
og Bjarni Pálsson
áttu eina saman.



Verð áður
12.995 kr.

Verð frá

5.999 kr.

Hnattlíkön
Hver man ekki eftir Guðríði
Þorbjarnardóttur? Átti
hún upplýst hnattlíkan?



Verð áður
7.995 kr.

Verð frá

4.999 kr.

Pennasett
Axlar-Björn hefði
betur vitað að penninn
er máttugri en sverðið!



Verð áður
6.995 kr.

Tilboðsverð gildir til og með 30. apríl



12.990 kr.

Jörðin
Stjörnu-Oddi, Tyrkja-
Gudda og Grasa-Gudda
hefðu ekki náð að skrifa
voldugri bók samanlagt.



5.990 kr.

Íslensk orðtök
Þau tíðkast nú hin
breiðu spjótin, sagði Atli
Ásmundurson í Grettis
sögu. Og allir hermdu.



5.990 kr.

Heimsljós
Það er í skáldinu sem allir
aðrir menn eiga bággt, segir
hér. Menn eiga þó meira
bággt ef þeir eiga ekki
þessa bók.



Mundu eftir gjafakortunum | Eymundsson.is

Eymundsson

Bóksali frá 1872

>> Pizzu eða á skíði

Senn fer enn einni erfiðri skíðavertíðinni að ljúka. Svo einkennilega sem það hljómar, má segja að undanfarnir vetur hafi ekki verið nokkurri íþróttagrein jafn erfiðir og skíðaiþróttinni. „Það hefur varla snjóað á skóflublað“ heyrði ég mann segja um snjóalög á Ísafirði í vetur og eru það orð að sönnu. Veður hafa verið ákaflega rýsjótt og umhleyplingasöm og því skíðaiðkun óhagstæð. Þrátt fyrir það stendur skíðaiþróttin á margan hátt furðu vel á Ísafirði. Aukning hefur orðið í fjölda iðkenda hjá Skíðafélaginu á gönguskíðum sem hefur að mestu vegið upp fækkun í alpagreinum. Enda er aðstaða til gönguskíðaiðkunar hreint frábær á Seljalandsdal, sérsaklega eftir að mótaðar hafa verið brautir í landið og reistar snjógirðingar til að fanga í brautir þann litla snjó sem á ferðinni er. Árangur keppenda félagsins í vetur hefur verið ljómandi góður, þeir unnu meðal annars til fjölda verðlauna á Unglingameistaramóti Íslands á Akureyri. Ísfirðingar hlutu auk þess fjóra bikarmeistararitla í göngu og alpagreinum af sjö mögulegum en þessi titill er veittur fyrir samanlagðan árangur vetrarins.



Hjalte Karlsson, formaður
Skíðafélags Ísfirðinga

Helsti styrkur Skíðafélags Ísfirðinga hefur alla tíð verið fólgin í duglegum og samhentum félagsmönnum og sterku baklandi á svæðinu. Oft hef ég velt fyrir mér hvernig á því standi. Svárið rann upp fyrir mér einhvern tímann fyrir nokkru á sunnudagskvöldi að loknu bikarmóti í alpagreinum í Tungudal. Að baki voru tveir langir dagar fyrir fjörutíu starfsmenn upp í fjalli í vindbarningi og erfiðleikum. Mótið hafði þrátt fyrir allt gengið afar vel og sérkennileg sælutilfinning fór um mann, líkt og maður hefði sjálfur unnið til verðlauna. Þá áttaði ég mig á því að einmitt það að skila góðu dagsverki við slíkar aðstæður þjappar fólki saman, eflir félagsvitund og gerir það að verkum að fólk lætur sér fátt fyrir brjósti brenna.

Ætla má af þessari upptalningu að allt sé eins og best verður á kosið á þessum vettvangi hér á svæðinu. Svo er ekki. Snjóleysi undafarinna ára í Tungudal hefur leitt til þess að almennum iðkendum hefur fækkað. Upp eru að vaxa kynslóðir sem lítið sem ekkert hafa farið á skíði. Skíðabúnaður er kominn innst í geymslur bæjarbúa og meira þarf orðið til að þeir teygja sig í skíðin og drífi sig til fjalla. Fólk talar stundum um að dýrt sé að stunda skíði. Það er rétt að dýrt er stunda skíði sem keppnisíþrótt en svo er ekki ef þau eru stunduð til skemmtunar og heilsueflingar. Rétt er að stofnkostnaður er nokkuð hár en hinsvegar endist búnaðurinn í almennri notkun í mjög mörg ár. Ísafjarðarbær gaf út í vetur ótrúlega metnaðarfulla verðskrá fyrir íþróttamannvirki bæjarins. Vetrarkort fyrir fullorðna kostar aðeins 11.000 og 2.500 fyrir börn. Það kostar semsagt svipað fyrir barn að stunda skíði í heilan vetur og að kaupa eina pizzu!

Hvað er það sem þarf að gera til að fjölga á nýjan leik almennum skíðaiðkendum? Hvað er til ráða? Við þurfum fyrst og fremst að fjölga opnunardögum skíðasvæðisins og

eyða óvissu í huga fólks. „Á ég nokkuð að kaupa skíði... það verður enginn snjó!“ hafa margir sagt í mín eyru. Óvissunni er aðeins eytt með einum hætti. Að fá meiri snjó. Ekki þekki ég neina leið til að ná samningum við veðurguðina um slíka hluti og þarf því að beita öðrum brögðum. Kemur því einungis til greina að halda áfram þeirri vinnu að slétta brekkur, reisa snjógirðingar og beita snjóbyssum. Samhliða þessum aðgerðum þarf að gera svæðið í Tungudal ódýrara í daglegum rekstri. Það kallar m.a. á breytingar sem yrðu til þess að aðeins þyrfti að hafa eina lyftu opna á virkum dögum sem þjóna myndi öllum þörfum. Með því móti yrði svæðið rekstrarhæfara sem er ákaflega mikilvægt, því eins og við vitum eru peningarnir sem fara í rekstur íþróttamannvirkja, eins og Skíðafélagstannburstinn, eign okkar allra.

Bestu kveðjur til skíðavikugesta

Hjalte Karlsson

formaður Skíðafélags Ísfirðinga

SKÍÐABLAÐIÐ 2011

Útgefandi: Skíðafélag Ísfirðinga

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Birna Lárusdóttir

Ritnefnd: Dagný Sveinbjörnsdóttir, Rannveig Halldórsdóttir og Sólrún Geirsdóttir

Auglýsingar: Sólrún Geirsdóttir

Forsíðumyndina tók: Bjarki Friðbergsson

Forsíðustúlka: Þórdís Elin Bjarkadóttir 9 ára

Hönnun: Pixel prentþjónusta / GBG

Prentun: Prentmet ehf

Myndir: Bjarki Friðbergsson, Gunnar Bjarni Guðmundsson, Guðmundur Ragnarsson, Halldór Sveinbjörnsson, Páll Öndarson,

Rúnar Óli Karlsson, Sólrún Geirsdóttir, Valtýr Gíslason, Vesturferðir, greinahöfundar og fleiri.

Stjórn SFÍ:

Hjalte Karlsson, formaður

Kristín Ósk Jónasdóttir, varaformaður

Martha Sigríður Örnólfsdóttir, gjaldkeri

Jóhanna Oddsdóttir, meðstjórnandi

Heimasíða: www.snjor.is



Skíðavíkustjóri:

Margrét Halldórsdóttir,

íþróttá- og tólmstundafultrúi

Ísafjarðarbæjar.

Heimasíða: www.skidavikan.is



*„Að skauta á litlum skíðum
og skemmta sér í hliðum“*

Sigurður Jónsson, betur þekktur sem Búbbi prentari, lítur yfir farinn veg.

Við sem búum á Ísafirði teljum það nánast til sjálfsagðra mannréttinda að hafa gott aðgengi að vel búnu skíðasvæði. Það gleymist stundum að þessi aðstaða sem við eigum, þessi íþrótt sem við viljum stunda, er ekki svo harla gömul hér á Ísafirði, eða á Íslandi yfirleitt. Ísfirðingar eiga mikið að þakka hópi fólks sem lagði á sig ómælda vinnu til að byggja upp skíðasvæðið á Seljalandsdal, sem var og hét, og gerði Ísafjörð þannig að þeim skíðabæ sem hann er.

Einn þeirra sem okkur ber að þakka er Ísfirðingurinn Sigurður Jónsson, eða Búbbi prentari eins og hann er oftast nefndur. Búbbi er sonur hjónanna Jóns Ólafs Jónssonar og Arnfríðar Ingvarsdóttur. Hann fæddist í Hafnarfirði árið 1919 og er því á 92. aldursári. Hann fluttist ásamt fjölskyldu sinni til Ísafjarðar þegar hann var um þriggja ára gamall og hefur búið hér allar götur síðan. Á langri ævi hefur hann upplifað margt hér fyrir vestan og meðal annars fylgst með Skíðavíkunni og Fossavatnsgöngunni frá upphafi (árið 1935). **Albertína Friðbjörg Elíasdóttir** settist niður með Búbba á dögnum til að rifja upp með honum gamla tíma og fyrri skíðavíkuhátíðir. Hún komst að því að hann hefur litlu gleymt þrátt fyrir háan aldur.

Það lá í augum uppi að byrja á því að spyrja af hverju Búbbi hafi byrjað að stunda skíði enda bjó hann á Eyrinni og á þessum tíma voru það einna helst þeir sem bjuggu í Króknum og Hlíðinni sem stunduðu skíðin. „Það var nú þannig að vinur minn Halldór Sveinbjörnsson flutti ásamt foreldrum sínum upp í Túngötu, en hann og Einar Ingvarsson sem bjó á Sjónarhæð, fóru því báðir á skíði og þeir eiginlega ýttu mér út í þetta. Fyrsta skíðasvæðið náði yfir túnin ofan við núverandi Hlíðarveg, og brekkurnar norðan við Stóruð. Annars er fyrsta endurminning mín mér enn ljóslifandi, en við bjuggum þá í Sólögötu 2 og var fjaran rétt utan við húsið. Ég hafði fengið leyfi til að kasta ónýtum katli í sjóinn en mengunin var ekki komin á dagskrá þá. Ég óð auðvitað út í sjóinn í stígvélunum mínum, allt þangað til sjórin fór að flæða ofan í stígvélin. Það er líklega þess vegna sem ég man þetta svona vel en mér brá nokkuð við að finna kaldan sjóinn ofan í stígvélin.“ sagði Búbbi og hlær við

Búbbi bjó ásamt foreldrum sínum og systkinum í Sólögötu fyrstu árin á Ísafirði en þar kynntist hann fyrri kærustu sinni, þá fjögurra ára: „Ég

kynntist fyrri kærustu minni þegar ég bjó í Sólögötu, ég varð þó að segja henni upp fljótlega vegna þess að strákarnir stríddu mér á því að ég hefði sést leiða stelpu niður í bæ.“ Samband Búbba við seinni kærustu sína entist þó nokkuð lengur en hann og Martha Árnadóttir gengu í hjónaband árið 1940 og höfðu því verið gift í 70 ár þegar Martha lést á síðasta ári. Það reyndist vera áhuginn á skíðaíþróttinni sem sameinaði Búbba og Mörthu enda stunduðu þau bæði skíðin af miklum áhuga, en nefna má að Martha varð fyrst kvenna Íslandsmeistari í skíðaíþróttum árið 1939. Þau hjónin eignuðust fjögur börn: Árna, Jón Ólaf, Málfríði Þórunni og Þórhildi Sigrúnu en afkomendur Mörthu og Búbba eru nú um 50 talsins.

FYRSTU SKÍÐASKREFIN

Þó að fyrstu skref Búbba á skíðunum hafi verið tekin í Stóruðinni fór hann fljótlega að fara með sér eldri mönnum upp á Seljalandsdal til að skíða, var það í kringum árið 1932 eða þegar hann var 12 ára gamall: „Ég var nú gamall að byrja á skíðum miðað við það sem nú gerist,“ segir Búbbi og hlær, enda börn í dag sett á skíði um leið og þau fara að

standa í fæturna. En hvernig skíði voru það nú sem menn stunduðu á þessum tíma; gönguskíði, svigskíði eða hvað? „Þá þekktist nú ekki annað en að eiga eitt par af skíðum. Þau voru nálægt því sem svigskíðin voru fyrst, en veikbyggðari. Þetta voru norsk furuskíði og ef það var mikið um skara þá sleit maður þessu upp. Þessi skíði notuðum við í allt.“

Á þessum tíma voru menn að byrja að byggja upp aðstöðuna uppi á Seljalandsdal en fyrsti skálinn sem var byggður þar var með torfveggjum og timburgöflum á árunum milli 1920-30: „Já, sá skáli stóð nánast á sama stað og gamli skíðaskálinn stendur nú. Hann var nú ekki stór en þarna fékk maður að fara inn og fá sér kaffi. Þeir sem stóðu fyrir byggingu þessa



Fyrsti skálinn var með torfveggjum og timburgöflum.

skála eru auðvitað allir látnir nú, en þarna var til að mynda Ólafur Guðmundsson í Vélsmiðjunni Þór, ásamt fleirum, en það voru menn á hans aldri sem ég var að elta upp á Dal. Þarna voru enda mikið betri brekkur og mikið ævintýri fannst mér þegar ég fór í fyrsta skipti upp fyrir Gullhól. Þá fór að koma hingað norskur skíðaþjálfari, Helge Torvö, en hann var bæði á Ísafirði og Siglufirði. Hann kom nokkrum sinnum og kenndi okkur bæði göngu og stökk, enda tvíkeppnismaður. Siglufirðingarnir voru þó meira í stökkinu á meðan við Ísfirðingarnir vorum meira í göngunni.“

UPPHAF SKÍÐAVIKUNNAR

Þótt hópur skíðaáhugamanna hafi verið tiltölulega fámennur í byrjun fór fljótlega að fjölga í hópnum, meðal annars í tengslum við Skíðavíkuna sem fyrst var haldin árið 1935: „Ég man nú eftir fyrstu skíðavíkunni, þó þetta sé nú aðeins farið að renna saman, en ég man þó vel eftir forminu. Það var Gunnar Andrew skátaforingji sem var upphafsmaðurinn að þessu öllu saman og það voru skátarnir sem lögðu til aðstoðarmenn. Sett voru upp skilti við skálann þar sem merktir voru helstu staðir, t.a.m. Gullhóll, Sandfell, Háabrún og Valhöll og svo gátu menn valið leiðir. Þá gengu menn í hóp og var einn skáti fremst og annar aftast og fylgdu þannig hópnum sem valdi leiðina.“

Alveg frá upphafi Skíðavíkkunnar var reynt að hafa einhverjar skemmtanir: „En helgidagar kirkjunnar voru þá með meiri hátíðarbrag og engar skemmtanir leyfðar í bænum, það var verið að læðast til

að hafa dansleik annað hvort uppi í skíðaskála eða í Birkihlíð. Það var oft ansi troðið og ég man að einu sinni þorðu menn nú ekki öðru en að setja aukastoð undir gólfið, svona til öryggis. Seinna fóru svo að vera dansleikir niður í bæ eftir klukkan tólf á páskadag.“

Skíðavíkan varð strax nokkuð vinsæl, þrátt fyrir að á þessum tíma hafi það verið nokkur fyrirhöfn að komast upp á Seljalandsdal. Þannig var oft hjólað eða ekið að Grænaragði og gengið þaðan upp á Seljalandsdal, fyrst að skálanum þar sem borið var undir skíðin og svo í brekkurnar fyrir ofan skálann. Faðir Búbba, Jón Ólafur, lýsti þessu vel í stuttu ljóði sem hann sendi dóttur sinni í bréfi til Reykjavíkur en þar segir af skíðaferð hans, Búbba, Mörthu og Árna sonar þeirra sem farin var á skírdag árið 1944:

Sú skírdags skíða ferð
var skörulega gerð.
Af tveggja ára anga
að æfa sig að ganga.

Fyrst bratta braut upp Múla
með babba og mömmu að púla.
Og svo með sínum afa
í sól og snjó að kafa.

Að skauta á litlum skíðum
og skemmta sér í hlíðum.
Með skýru skjánum glögggu
í skíðastól hjá Döggu.

Að sjá hann pabba sveigja
og sér af stökkpall fleygja.
Og seiglast svona um daginn
uns sólin gekk í Æginn.

Loks bratta Múlan bruna
á babba herðum una.

Þannig lýsti Jón Ólafur skíðaferð á skírdag, og greinilegt að það hefur

verið heilmikið fjör og mikil gleði á skíðavíku þá sem nú.

UPPBYGGINGIN Á DALNUM

Eftir því sem skíðaáhugi manna jókst fylltust menn metnaði og var fljótlega farið að ræða um að leggja þyrfti „skíðaveg“ upp á Seljalandsdal: „Það var eftir landsmótið, líklega árið 1939, sem menn fóru að ræða um að þessi kofi væri til einskis nýtur. Í framhaldinu upphófst nokkuð þjark um hvað gera skyldi. Áhugasamir menn í skíðafélaginu vildu byrja á því að byggja skála en svo voru aðrir sem töldu að það ætti ekkert að vera að því fyrr en búið væri að leggja skíðaveginna alla leið upp eftir. En það er nú eins og gengur að þegar menn eru áhugasamir þá er oft betra að fylgja áhuganum heldur en að velja endilega skynsamlegustu leiðina. Ólafur Guðmundsson, sem þá var formaður skíðafélagsins, var stífur á því að fyrst skyldi klára veginn, svo væri hægt að fara að hugsa um húsið. En hann var þá bara settur af og yngri menn, skálamenn, tóku við. Þar var í broddi fylkingar Páll nokkur Jónsson, sem vann í Kaupfélaginu, og í kjölfarið var byrjað að byggja myndarlegan skíðaskála, en hann stóð nokkru ofar en skálinn sem nú stendur og var ansi skemmtilegur, byggður úr timbri.“

Í kjölfar þess að skálinn var byggður var stofnaður skíðaskóli á Ísafirði en Guðmundur Hallgrímsson frá Grafargili í Önundarfirði hafði verið styrktur til Svíþjóðar til að læra skíðakennslu. Guðmundur var því ráðinn kennari og skólastjóri við skíðaskólann og sinnti þeim störfum allt þar til snjóflóð féll á skíðaskálann árið 1953 en þá hætti hann fljótlega starfsemi sinni: „Skíðaskólinn var nokkuð vel sóttur og kom hingað töluvert af fólki að sunnan, auk nemenda héðan frá Ísafirði, en þarna fóru meðal annars Gunnar og Oddur Péturssynir, Hreinn Jónsson og Arnór Stígsson að læra á skíði. Þá var ég nú orðinn svo háttsettur að



Gengið í hóp, einn skáti fremst og annar aftast.



Árni Búbba á Skíðavíku með afa sínum Jóni Ólafi.

vera þarna prófdómari. Prófin fóru nú þannig fram að menn þurftu að renna sér niður brekku og sýna þessar sveiflur sem höfðu þá fengið íslensk nöfn sem ég man ekki lengur, þó var það auðvitað plógurinn góði, þversveiflan eða samhliðasveiflan, og auðvitað telemark, en það höfðu menn auðvitað lært áður hjá Torvö. Það var gefin einkunn fyrir stíl en fyrst og fremst skoðað hvort menn kynnu þetta sem Guðmundur hafði kennt þeim. Skólinn lagðist svo að mestu af eftir flóðið 1953 en þá snéru menn sér að uppbyggingarstarfinu að nýju.“

LYFTUR EÐA EKKI LYFTUR

Þrátt fyrir það áfall að missa skálann var uppbyggingarstarfinu haldið áfram og sama ár var hafist handa við að reisa nýjan og talsvert stærri skála nokkru neðar enda talið öruggara með tilliti til snjóflóða. Stendur sá skáli enn í dag. Í framhaldinu fóru menn að skoða enn frekari uppbyggingu: „Eftir að

strákarnir höfðu farið út og kynnst þar skíðalyftunum, upphófust deilur um þörfina, töldu sumir að það ætti ekkert að vera með lyftur enda þjálfuðust menn á því að þurfa að ganga upp brekkurnar og þar fram eftir götunum. Á móti kom að þörfin á þjálfun liggur ekki endilega í að labba upp heldur er það fyrst og fremst niðurleiðin sem þarf að æfa. Með lyftu má fara tuttugu til þrjátíu ferðir á dag í staðinn fyrir tvær til þrjár. Þá var byrjað að huga að þessu, vinna og safna peningum og skipuð skíðalyftunefnd sem auk mín var lengst af skipuð Guðmundi Sveinssyni, sem var formaður og aðal prímusinn, Gunnlaugi Jónassyni, sem sá um fjármálahliðina, og Oddi Péturssyni, sem var ritari, fleiri voru í nefndinni en í skemmri tíma.“

Nýjar lyftur kosta peninga og því forvitnilegt að vita hvernig þeir söfnuðu peningum til kaupanna: „Það var til dæmis komið af stað firmakeppni sem fór þannig fram að skíðamenn kepptu fyrir fyrirtækin og þar var gefin forgjöf og heilmiklar vangaveltur sem voru í kringum þetta allt saman. Menn lögðu mikla hugsun í val á skíðamönnum, auk þess sem mikið var rökrætt um forgjöfina. Þetta var skemmtileg hefð sem hélt áfram lengi vel sem styrktarleið fyrir skíðasvæðið.“

Auk firmakeppninnar var öll sjálfböðavinna skrifuð og metin til peninga og styrkur úr íþróttasjóði fenginn á móti. „Þetta gekk svo vel hjá okkur að þegar þessi fyrsta

lyfta fór í gang var engin skuld, nema á móti ógreiddum styrk frá íþróttasjóði. Það eru ekki margir í dag sem fara svona af stað með skuldlaust fyrirtæki,“ segir Búbbi og kímir. „En það var auðvitað fjöldi manns sem kom þarna að þótt auðvitað hafi, eins og alltaf er, á endanum verið fjórir til fimm menn sem alltaf voru kallaðir til.“

Þessi fyrsta lyfta var byggð upp á Gullhól og heppnaðist vel. Eitthvað voru menn þó að velta fyrir sér hvaða lit ætti nú að setja á lyftuna og voru ýmsir litir nefndir til sögunnar: „Ýmsir litir voru ræddir en það fór þó svo að Guðmundur [innskot: Sveinsson] spurði að lokum hvort búið væri að velja lit, þegar því var svarað sagði hann: „Það er ekki hægt - ég er búinn að kaupa gulan“. Það fór því svo að lyftan var fyrst máluð gul, en síðar rauð og varð lyftan þekkt í daglegu tali sem „Rauða lyftan“. Þessi nýja lyfta þótti geysileg bót og var það mikil hátíð þegar hún var opnuð árið 1968.

SKÍÐAMÓTIN OG ALLT SEM ÞEIM FYLGDI

Eftir því sem skíðaíþróttin varð vinsælli var farið að keppa í mismunandi greinum íþróttarinnar og tóku Ísfirðingar auðvitað virkan þátt í keppnum: „Menn voru hatrammir andstæðingar á mótunum hér innanbæjar en góðir samherjar utanbæjar. Fyrsta keppnin sem ég tók þátt í var svokallað Thulemót sem haldið var í Hveradölum.“ Þau hófust árið 1937 og héldu áfram allt til 1944-45, eitthvað svoleiðis. Fyrsta landsmótið var hins vegar skráð á Siglufirði árið 1937. „Ég keppti á Thulemótinu árið 1938, en þá hafði ég náð aldri til að mega keppa. Ég keppti þá í göngu, en sviginu var ekki bætt við fyrr en seinna.“ Góð þátttaka var oft í Thule mótunum og voru 60-70 manns í hverri göngu og því oft mikið fjör. Þá má nefna að þetta sama ár og Búbbi keppti í fyrsta skipti mætti þar heimsfrægur skíðastökkvari frá Noregi, Birger Ruud að sýna skíðastökk.



Jón Ólafur, sonur Búbba og Mörthu, aðstoðar fólk í lyftunni.



Fjölskyldan á skíðum. Frá vinstri: Árni, Þórhildur, Búbba, Málfríður og Martha.

„Mér gekk nú oft nokkuð vel, varð til að mynda í þriðja sæti þegar ég keppti í síðasta skiptið á Thulemóti árið 1943. Ég kallaði það gott.“ Þá má ekki gleyma sveitakeppnunum: „Það var nú þannig að í byrjun kom ég þarna sem strákur með köllunum, en svo var ég ekki nema fertugur þegar ég var orðinn kall með strákunum. Þá þurfti nú oft að grípa til mín þegar vantaði mann í sveitakeppnina. Við unnum boðgönguna nokkrum sinnum, ég, Gunnar, Oddur og Ebba [Innskot: Ebenezer Þórarinsson]. Ég man að í fyrsta skiptið var ekki byrjuð boðgangan, heldur einfaldlega reiknaður tími fjögurra fyrstu manna og það unnum við fyrst árið 1940 á Akureyri en þá voru reyndar yngri strákarnir ekki komnir til sögunnar.“

Það þekkja það allir sem stundað



Búbba og Martha á skíðum á falletum degi.

hafa skíðin að það geta ýmis áföll dunið yfir, oft þarf lítið til að menn detti og jafnvel brjóti eins og eitt bein. Oftar en einu sinni hefur verið fullyrt við Búbba að hann myndi nú aldrei skíða frammar: „Já, ég slapp nú samt vel, brotnaði aðeins einu sinni árið 1947, en þá var ég að taka þátt í brunkeppni sem hófst á fjallsbrúninni og lauk við Seljaland. Ég rakst hins vegar á leifar af skíðastökkpalli rétt fyrir ofan skálann og lauk ferðinni þar, eða kannski frekar að ég þurfti að fara restina af leiðinni á sleða. Hins vegar var það alvarlegra þegar ég lenti í að slíta liðböndin í báðum hnjúnum, þá var ég settur í gifs og var frá skíðamenskunni í heilt ár.“

SÖNGURINN OG LEIKHÚSÍÐ

Þó að skíðamensknan hafi átt stóran sess í lífi Búbba, þá voru tólmstundirnar nokkuð fleiri: „Skíðin og önnur útivist voru auðvitað stór hluti af okkar lífi og vorum við hjónin mjög samtaka í því. Við fórum oft í fjallaferðir á sumrin og ferðumst þá víða um landið, bæði sjálf og með ferðafélögum. Einu sinni höfðum við sett okkur það að ganga á eitt fjall í hverri sýslu en það entist nú ekki nema norður í Skagafjörð.“ Þá tóku þau hjónin virkan þátt bæði í söngstarfi og leiklist: „Já, ef það þurfti að læra mörg lög þá var ég settur í það hlutverk,“ segir Búbba og hlær. „Þetta voru mörg verkin



Úr leikhúsinu.

sem við tókum þátt í en þar eru Bláa kápan og Meyjarskemman líklega minnisstæðust. Það var heilmikið að þúsla þessu saman, vandaðir búningar og mikil vinna lögð í alla umgjörð, en Martha var einmitt aðalstjarnan í Meyjarskemmunni. Það var ósjaldan sem farið var á skíði og svo brunað beint á æfingu.“

Þá voru þau hjónin virkir þátttakendur í kórastarfi bæjarins og sungu meðal annars við kirkjulegar athafnir á Ísafirði nær óslitið um 55 ára skeið: „Það var nú þannig að ég byrjaði í kirkjukórnum 17 ára gamall en Anna, eiginkona Jónasar Tómassonar organista, var systir hennar mömmu og því fór það svo að ég byrjaði snemma í kirkjukórnum. Sumarið 1937 byrjaði ég svo að læra í Prentstofunni Ísrúnu sem Jónas átti og þótti honum gott að hafa starfsfólk sem gæti sungið. Hann gat þá gripið menn úr vinnu til að syngja ef vantaði söngfólk með skömmum fyrirvara. Þá var prentsmiðjan í sömu götu og því stutt að fara. Þá var á þessum tíma erfitt að fá vinnu og þótti happafengur að komast í iðnnám þótt kaupið væri ekkert.“ Það fór svo að prentiðnin varð ævistarf Búbba sem hann starfaði við í 50 ár. Átti hann að lokum prentsmiðjuna á móti Jónasi og síðar Gunnlaugi Jónassyni. Síðustu tíu ár starfsævi sinnar starfaði Búbba svo uppi í Íshúsfélagi, eða allt til loka ársins 2000 þegar starfsemi Íshúsfélagsins lauk enda þá kominn yfir sjötugt.

NORÐURFERÐIRNAR

Þótt skíðin væru stunduð af kappi á

Ísafirði var ekki aðeins farið á skíði á formlegum skíðasvæðum, því Búbbi er í hópi manna sem til marga áratuga hafa farið í helgarferðir norður á Hornstrandir og í Jökulfirði síðla vetrar á skíði: „Já, þetta byrjaði þannig að þeir bræður Arnór og Stígur Stígssynir fóru ásamt Oddi Péturssyni og Konráði Eggertssyni úr Veiðuleysufirði norður að Horni á skíðum. Sú ferð heppnaðist svo vel að ákveðið var að smala í hópferð næsta vetur og það endaði þannig að við fórum þarna norður á skíði nánast árlega frá 1975. Oftast fórum við að Horni en einnig á Hesteyri og í Reykjafjörð. Frá þessum stöðum var svo farið víða um á skíðum, til að mynda til Fljótavíkur og á Sléttu frá Hesteyri. Þetta voru góðar og skemmtilegar ferðir og þótt það væru mismargir í hvert skipti, yfirleitt í kringum átta

til níu, þá hélst þetta allan þennan tíma og fór hluti af hópnum síðast í fyrra, en ég fór síðast líklega veturinn 2001.“

SKÍÐAVIKAN Í DAG

Búbbi er einn af þeim sem man allar Skíðavikuhátíðirnar og því ekki úr vegi að spyrja hvort hann taki enn þátt í atburðum vikunnar. „Já, ég hef nú ekki verið virkur þátttakandi í Skíðavikunum þessi síðustu árin, en ég reyni þó að fylgjast með og fer jafnan upp á skíðasvæði þegar eitthvað er í gangi. Þá koma auðvitað alltaf einhverjir úr fjölskyldunni til að taka þátt í dagskránni. Það hefur auðvitað verið gaman að fylgjast með þessu þróast, það er alltaf smávegis að bætast við. Þá er allt þetta í kringum Aldrei fór ég suður alveg hreint stórkostlegt. En þótt breytingarnar hafi verið

þó nokkrar hafa sumar hefðir alveg haldist eða að minnsta kosti lítið breyst. En þetta hefur þróast meira yfir í alpagreinarnar og löngu göngurnar nánast horfið. Ég man sérstaklega eftir gönguferðum þar sem farið var af Seljalandsdal yfir til Bolungarvíkur og svo önnur þar sem farið var vestur yfir Breiðadal- og Gemlufallsheiðar þar sem voru margar skemmtilegar brekkur.“


AÐ LOKUM ...

Eftir ánægjulega og fróðlega stund með Búbba var nauðsynlegt að spyrja að lokum hvort hann hefði ekki einhver góð ráð til yngri kynslóðanna úr reynslubanka sínum: „Það er nú fyrst og fremst að hvetja fólk til að skemmta sér og njóta þess að reyna á sig og vera úti í náttúrunni,“ segir Búbbi að lokum.

Í upphafi viðtalsins var nefnt að hópur manna hefði byggt upp þá skíðaíþróttahéð og aðstöðu sem við eigum hér á Ísafirði í dag. Ef þú lesandi góður hefur áhuga á að hitta þessa menn, farðu þá einhvern daginn upp á Seljalandsdal og þar muntu nánast undantekningarlaust finna hóp ungra manna á skíðum, sem allir eru um eða yfir áttrætt. Þeir munu eflaust bruna framúr þér áreynslulaust. Þetta eru mennirnir sem tóku þátt í að byggja upp skíðaíþróttina á Íslandi, þetta eru mennirnir sem okkur ber að þakka. — AFE



Frá vinstri: Gunnar Pétursson, Oddur Pétursson, Búbbi, Pröstur Jóhannsson, Sigurður Gunnarsson, Halldór Margeirsson, Stígur Stígsson, Elías Sveinsson, Konráð Eggertsson.



Skírdagur og föstudagurinn langi

Kontrabassaleikarinn Tómas R. Einarsson og gítarleikarinn Ómar Guðjónsson spila djasstónlist í dinner og sjóðheitan latíntakt síðar um kvöldið. Boðið verður upp á kvöldverð og/eða ostahlaðborð.

Þáskadagur

Brunch. Girnilegur morgunmatur og hádegismatur - það besta úr hvoru fyrir sig á fjölbreyttu hlaðborði fyrir alla fjölskylduna.

Pantið borð tímanlega

VIÐ POLLINN Veitingar á Hótel Ísafirði



Opið allan daginn

Sími: 456-3360 | vidpollinn.is

NÆRMYND



Ellen Ósk

Ellen Ósk Valtýsdóttir, 9 ára að verða 10.

1. Hvað ertu búin að æfa skíði lengi? 5 ár
2. Hvað heita skíðin þín? Elan
3. Hvað finnst þér skemmtilegt að gera, annað en að fara á skíði? Sund og renna mér á sleða
4. Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Píta með grænmeti
5. Hver er uppáhaldsþróttamaðurinn þinn? Alexander Petersson



Guðný Katrín

Guðný Katrín Kristinsdóttir, 8 ára að verða 9.

1. Hvað ertu búin að æfa skíði lengi? Þetta er þriðji veturinn.
2. Hvað heita skíðin þín? Madshus.
3. Hvað finnst þér skemmtilegt að gera, annað en að fara á skíði? Æfa ballett, fara í sund og fara í bíó.
4. Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Kjöt í karrý
5. Hver er uppáhaldsþróttamaðurinn þinn? Enginn sérstakur



Guðrún Kristín

Guðrún Kristín Kristinsdóttir, 11 ára

1. Hvað ertu búin að æfa skíði lengi? Þetta er þriðji veturinn á gönguskiðum.
2. Hvað heita skíðin þín? Auðvitað Madshus.
3. Hvað finnst þér skemmtilegt að gera, annað en að fara á skíði? Mála, teikna, spila fótbolta, vera með vinkonum mínum og margt fleira.
4. Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Kjötsúpa.
5. Hver er uppáhaldsþróttamaðurinn þinn? Petter Northug.



Sveinbjörn Orri

Sveinbjörn Orri Heimisson, 7 ára að verða 8.

1. Hvað ertu búinn að æfa skíði lengi? Þetta er þriðji veturinn minn.
2. Hvað heita skíðin þín? Ég á bæði Fisher og Madshus.
3. Hvað finnst þér skemmtilegt að gera, annað en að fara á skíði? Spila fótbolta.
4. Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Mér finnst margt vera gott, hamborgari, pylsur, pizza, hakk og spaghetti, slátur og grjónageautur.
5. Hver er uppáhaldsþróttamaðurinn þinn? Lionel Messi.



Sævar Hrafn

Sævar Hrafn Jóhannsson, 11 ára að verða 12.

1. Hvað ertu búinn að æfa skíði lengi? Sex ár.
2. Hvað heita skíðin þín? Rossignol
3. Hvað finnst þér skemmtilegt að gera, annað en að fara á skíði? Að leika mér í fótbolta.
4. Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Pítsa.
5. Hver er uppáhaldsþróttamaðurinn þinn? Steven Gerrard




Ellen Ósk



Guðný Katrín



Guðrún Kristín



Sveinbjörn Orri



Sævar Hrafn

HVAÐ RÆÐUR ÞVÍ HVENÆR PÁSKAR ERU?

Nú í ár eru páskar óvenju seint þar sem páskadagur er ekki fyrr en 24. apríl. Það er því ekki úr vegi að velta fyrir sér af hverju páskafrí er ekki alltaf á sama tíma, eins og til dæmis jólin, og hvað ræður því hvenær páskafrí er.

Ástæðan fyrir því að páskar eru ekki alltaf á sama tíma er fyrst og fremst sú að atburðirnir sem við tengjum páskafrí samkvæmt Nýja testamentinu eru þar miðaðir við samnefnda hátíð gyðinga. Í tímatali þeirra er hins vegar notað tunglár. Af því leiðir meðal annars að tiltekinn dagur í tilteknum mánuði getur færst fram og aftur um mánuði miðað við tímatal okkar.

Reglan um páska í kirkjum Vesturlanda er sú að páskafrí er fyrsti sunnudagur eftir fyrsta fulla tungl frá og með 21. mars, en þá eru yfirleitt vorjafndægur. Þessi regla

leiðir til þess að páskadagur getur í fyrsta lagi fallið á 22. mars og í síðasta lagi á 25. apríl en allar dagsetningar þar á milli koma til greina.

Samkvæmt þessu geta páskar ekki verið mikið seinna en þeir eru nú í ár. Á síðustu öld bar páskafrí aðeins einu sinni upp á 25. apríl, síðasta mögulega dag en það var árið 1943, og aldrei upp á þann 24. Á þessari öld sem við lifum núna verður páskadagur líka aðeins einu sinni þann 25. apríl en það verður árið 2038. Fæstir sem þetta lesa munu hins vegar lifa það að sjá páskafrí aftur 24. apríl eins og nú í ár því það gerist ekki fyrr en árið 2095.

EDS tekur saman - byggt á: **Af hverju eru páskafrí ekki alltaf á sama tíma?**

(<http://www.visindavefur.hi.is/?id=358>)

Nú kemstu örugglega í sund!

Sundlaugin er opin

Sumar

Vetur

Virka daga frá: 08 til 21

16 til 21

Um helgar frá: 10 til 18

10 til 18

Morgunsund miðvikudaga og föstudaga frá 08 til 10

OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

Skírdag	10-18
Föstudaginn langa	10-18
Laugardag fyrir páska	10-18
Páskadag	10-18
Annan í páskum	10-18

Bolungarvíkurkaupstaður



Íþróttamiðstöðin Árbær Bolungarvík - Sími: 456 7381

„Frá vegi til ganga í Óshlið“

Sýning í Náttúrugripasafninu í Bolungarvík.

Safnið er opið mánudaga til föstudaga frá 9-12 og 13-17
(Hópleiðsögn í samráði við forstöðumann í síma: 456 7005)



Páskarnir á Ísafirði hafa alltaf snúist um svo miklu meira en skíði. Þannig er full ástæða til að fara uppá dal á föstudaginn langa þó þú hafir ekki einu sinni fyrir því að smella á þig klossunum, því tilgangurinn hefur alltaf aðallega verið sá að sýna sig og sjá aðra. Einhverjir renna sér í leiðinni, en ekki allir. Margir láta sér nægja að standa með pylsu í annarri og bláan Ópal í hinni og horfa á skemmtiatriði dagsins.

Ísfirðingar hafa alltaf haft gaman af mannamótum, og stærsta samkoma páskanna er eflaust rokkhátíðin Aldrei fór ég suður. Hátíðin er nú á sínu áttunda ári og þrátt fyrir smávægilegt væl skipuleggjenda hefur verið ákveðið að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist.





Eins og venjulega hefjast leikar um matartíma á föstudeginum langa, en að þessu sinni verður ekki byrjað aftur fyrr en eftir seinna kaffi á laugardegi.

Í ár verður sérstaklega mikið lagt upp úr netstreymi frá hátíðinni en Inspired by Iceland verkefnið hefur komið inn í pakkann og ætlar að leggja talsverða fjármuni í að láta hátíðina fljóta um kapla Veraldarvefjarins. En þó gæðin verði mikil á Netinu er fráleitt að gera ráð fyrir einhverri mannfæð í skemmum. Þar verður stuð eins og alltaf.





NÁTTÚRUFEGURÐ OG SAGA TVINNUGÐ SAMAN

Flestir ferðast um Hornstrandir og Jökulfirði að sumri til og hefur ásókn bæði íslenskra og erlendra ferðamanna aukist ár frá ári. Það er hins vegar fátíðara að ferðalangar fari um svæðið að vetri til. Hornstrandir í vetrarbúningi eru ævintýraheimur og aðeins hægt að ímynda sér hvernig lífið á þessum slóðum var áður en svæðið fór í eyði.

Það er því einstakt tækifæri að heimsækja eyðiborpið Hesteyri um páskana þegar Vesturferðir bjóða upp á ferð frá Ísafirði með leiðsögn laugardaginn 23. apríl. Hægt er að láta einstaka náttúruna og kyrrðina heilla sig eða sökkva sér í hina margslungnu sögu þessarar gömlu hvalveiðistöðvar og kirkjustaðs sem fór í eyði 1952.

Rithöfundar hafa margir sótt sögu svið skáldsagna sinna til Hornstranda og eigi sagan að vera sérstaklega spennandi gerast sögurnar á dimmum vetrarnóttum, þegar allt er á kafi í snjó. Ein af nýrri bókum sem gerast í friðlandinu er hin æsispennandi *Ég man þig* eftir Yrsu Sigurðardóttur. Yfir rjúkandi heitu kaffi og heimabökuðu í Læknishúsinu verður lesið upp úr henni og fleiri bókum sem gerast á svæðinu.





LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA



Hver hefur efni á að taka ekki þátt í séreignarlífeyrissparnaði?

Með því að koma þér upp vænum séreignarlífeyrissparnaði til viðbótar innstæðu í samtryggingarsjóði, verndarðu þig og fjölskyldu þína gegn lækkandi launum við starfslok.

Nú er frádráttarbært iðgjald allt að 4% af launum. Síðan greiðir vinnuveitandi 2% af launum í mótframlag.

Séreignarsparnaður er einhver besta sparnaðarleiðin sem býðst einstaklingum í dag.

Séreignarsparnaður erfist og er allur laus til útborgunar við 60 ára aldur sjóðfélaga.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði Vestfirðinga geta nú skoðað réttindi sín í sjóðnum með því að sækja um aðgang að upplýsingum á heimasíðu sjóðsins www.lvest.is

Lífeyrissjóður Vestfirðinga hvetur alla launþega til að fylgjast með iðgjaldaskilum til sjóðsins og hafa samband ef iðgjöld vantar eða eru ógreidd til sjóðsins.

*****VERTU MEÐ ÞAÐ BORGAR SIG*****

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Hafnarstræti 9-13 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4233 • Fax 456 4710 • www.lvest.is • afgr@lvest.is

Taktu þátt í fermingarleik Landsbankans!



**Leggðu grunn að fjárhag framtíðarinnar
með því að ávaxta fermingarpeningana vel.**

Ef þú leggur 20.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans færðu flotta tösku frá Landsbankanum að gjöf.

Einn heppinn þátttakandi vinnur iPad 2.
Dregið verður 30. júní 2011.

Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4000 eða stofnaðu til reglubundins sparnaðar í Einkabankanum á landsbankinn.is.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ALPAKRAKKAR Á ÖLLUM ALDRI Í BANASTUÐI



SVAKA HRESS



Hvað sem á bjátar og hvað sem á dynur
hvernig sem veröldin dæsir og stynur
skaltu aðstoð okkar þiggja
því alla þá sem landið byggja
- okkar hlutverk er að tryggja.



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is



Gleðilega Skíðaviku

Við höfum opið alla páskana
Hlakka til að sjá ykkur!
Hamraborg



HAMRABORG EHF.
HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3166

Páskaopnun íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar í dymbilviku 2011

Sundhöll Ísafjarðar

18. mán. 07:00-09:00 & 14:00-21:00
19. þri. 07:00-09:00 & 14:00-21:00
20. mið. 07:00-09:00 & 14:00-21:00
21. fim. 14:00-21:00 / 22. fös. 14:00-21:00
23. lau. 12:00-18:00 / 24. sun. **Lokaó**
25. mán. 10:00-16:00

Íþróttahúsið Torfnesi, Ísafirði

18. mán. 10:00-24:00 / 19. þri. 10:00-24:00
20. mið. 10:00-24:00 / 21. fim. 10:00-18:00 / 22. fös. **Lokaó**
23. lau. 08:30-20:30 / 24. sun. **Lokaó** / 25. mán. **Lokaó**

Flateyri

18. mán. 15:00-19:00 / 19. þri. 15:00-19:00
20. mið. 15:00-19:00 / 21. fim. 15:00-19:00 / 22. fös. 15:00-19:00
23. lau. 13:00-18:00 / 24. sun. **Lokaó** / 25. mán. 16:00-19:00

Pingeyri

18. mán. 08:15-11:30 & 16:00-19:30
19. þri. 08:15-11:30 & 16:00-19:30
20. mið. 08:15-11:30 & 16:00-19:30
21. fim. 11:00-17:00 / 22. fös. **Lokaó** / 23. lau. 11:00-17:00
24. sun. **Lokaó** / 25. mán. 11:00-17:00

Suðureyri

18. mán. **Lokaó** / 19. þri. 16:00-19:00 / 20. mið. 16:00-19:00
21. fim. 13:00-18:00 / 22. fös. 13:00-18:00 / 23. lau. 13:00-18:00
24. sun. 13:00-18:00 / 25. mán. 13:00-18:00



Laugardaginn 19. febrúar 2011

Gleðigangan



Gleði fyrir einn,
gleði fyrir alla
Þru ekki allir í stuði?



CRAFT

Íþróttafatnaður, sá besti?



Flex hettupeysa
Kr. 10.900,-



PXC Storm jakki
Kr. 18.900,-



AXC buxur
Kr. 14.900,-



PXC light jakki
Kr. 16.900,-

MADSHUS

frábær gönguskíði!



Keppnispakkinn

Skór, skíði, bindingar og stafir

Tilboð kr. 118.900,-



Almenningspakkinn

Skór, skíði, bindingar og stafir

Tilboð kr. 69.900,-



Skíðaáburður hreint afbragð!



K72 háflúor
rennsli



Fast fluor
krem

Láttu sjá þig!

CraftSport Austurvegi 2, 400 Ísafjörður, 456 3110, www.nupur.is



Gámaþjónusta Vestfjarða

*Umhverfið er framtíðin,
gættu þess vel*

Leigjum út sorpgáma & salerni

Gámaþjónusta Vestfjarða

Sími: 456 3710 • Gsm: 892 0660

Netfang: ragnar@gamarvest.is • Veffang: www.gamarvest.is

Komdu í Stofn og fáðu meira!

Kostir þess að vera í Stofni

- Afsláttur af tryggingum
- Endurgreiðsla
- Nágrannavarsla
- Vegaðstoð án endurgjalds
- Afsláttur af barnabílstólum

SJÓVÁ

DAGSKRÁ

SKÍÐAVIKUNNAR 2011

MIÐVIKUDAGUR 20. APRÍL

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin.

16:30 Setning Skíðavíku á Silfurtorgi.

Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar marserar ásamt meðlimum úr Skíðafélagi Ísfirðinga frá Ísafjarðarkirkju kl. 16:00 að Silfurtorgi þar sem setningin fer fram. Skíðafélag Ísfirðinga selur heitt kakó og pönnur.

17:00 Sprettganga Núps í Hafnarstræti.

17:00 Opnun myndlistarsýningar Gunnars Jónssonar og Árna Más Erlingssonar.

Sýningin verður á gangi Edinborgarhússins, opin alla Skíðavíkuna.

17:00 Muses.is opnar sýningu í Rögnvaldarsal Edinborgarhússins.

Muses.is er Internet gallerí með myndlist eftir áhugaverða og framsækna myndlistarmenn. Sýningin verður opin alla daga frá kl. 16:00.

Myndlist í Hamraborg. Auður Arna Höskuldsdóttir, Ísfirðingur, sýnir olíumyndir málaðar á striga. Sýningin er opin allan aprílmánuð.

Götubingó fjölskyldunnar. Götubingó fyrir alla fjölskylduna. Nokkurs konar ratleikur þar sem gengnar eru mismunandi gönguleiðir í bænum og númerum safnað. Miðar seldir í Hamraborg.

FIMMTUDAGUR 21. APRÍL

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin.

10:00-19:00 Opið hjá Sæfara.

Hægt verður að leigja kajaka og litla seglbáta ásamt öryggisverði.

11:00 Fermingarmessa í Hólskirkju, Bolungarvík.

11:00-12:00 Minningarleikur í körfuknattleik.

Minningarsjóður Þóreyjar Guðmundsdóttur stendur fyrir minningarleik um Þóreyju á milli núverandi leikmanna KFÍ í kvennaflokkum gegn eldri og fyrrverandi leikmönnum KFÍ í kvennaflokki sem léku með Þóreyju. Leikurinn verður í íþróttahúsinu á Torfnesi á undan páskaeggjamóti KFÍ. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

12:00-14:00 KFÍ og Nói Sírius halda 2 á 2 páskaeggjamót í íþróttahúsinu á Torfnesi.

13:00 Skíðaskotfimi á Seljalandsdal.

Boðið verður upp á æfingu og kennslu í meðferð skotvopna kl. 11:00 sama dag.

14:00 Fermingarmessa í Ísafjarðarkirkju.

14:00-16:00 Ein stök hús í Gallery fjör 10 þrep í Listakaupstað, Norðurtanga, 3. hæð.

Dýrfirsku listamennirnir Marsibil G. Kristjánsdóttir og Jóhannes Frank Jóhannesson sýna verk sín byggð á eyðibýlum á Vestfjörðum. Jóhannes sýnir ljósmyndir en Marsibil teikningar en hvert eyðibýli er tekið frá nákvæmlega sama sjónarhorni. Í þessari sýningu má sjá eyðibýli frá Arnarfirði, Dýrafirði og Ísafjarðardjúpi.

14:00-17:00 Heitt á prjónunum.

Boðið upp á belgískar vöffur, heitt kakó og fleira góðgæti.

14:00-18:00 Simbahöllin á Þingeyri opin.

Belgískar vöffur, kökur, kaffi, heitt súkkulaði og fleira.

15:00 Boarder Cross mót fyrir börn í Tungudal.

18:00-20:00 Opnun samsýningar í Neðstakaupstað.

19:00-22:00 Sóltún – Listasoppa.

Ljósmyndasýning, pönnuköku og uppákomur

20:00 Big jump snjóþremmót á Ísafirði.

Staðsetning keppinnar verður auglýst á skidavikan.is.

20:00-22:00 Af fingrum fram í Edinborgarhúsinu.

Jón Ólafsson og Helgi Björnsson í stuði.

19:00 Veitingastaðurinn við Pollinn á Hótel Ísafirði.

Kontrabassaleikarinn Tómas R. Einarsson og gítarleikarinn Ómar Guðjónsson spila djasstónlist í dinner og sjóðheitan latíntakt síðar um kvöldið. Boðið verður upp á kvöldverð og/eða ostahlaðborð.

20:00-24:00 Tónleikar í Simbahöllinni á Þingeyri.

Nánari upplýsingar á facebook síðu Simballarinnar.

21:00 Á skíðum skemmti ég mér, Edinborgarhúsinu.

Á skíðum skemmti ég mér er bráðfjörug leik- og söngskemmtun. Tekin eru lög sem hljómsveit Ingimars Eydal flutti á sínum tíma sem og ýmsar perlur er Erla Þorsteinsdóttir, Helena Eyjólfsdóttir, Óðinn Valdimarsson, Svanhildur Jakobsdóttir og fleiri snillingar heilluðu landann með á sínum tíma og gera enn. Miðapantanir í síma 856-5455 frá kl. 16:00-20:00.

22:00-00:00 Tónleikar og uppistand í Krúsinni.

Sigurjón Kjartansson og Óttarr Proppé með skemmtidagskrá og tónleika.

Myndlistarsýning Gunnars Jónssonar og Árna Más Erlingssonar.

Sýningin verður á gangi Edinborgarhússins og verður opin alla Skíðavíkuna.

Myndlist í Hamraborg. Auður Arna Höskuldsdóttir, Ísfirðingur,

sýnir olíumyndir málaðar á striga. Sýningin er opin allan aprílmánuð.

Götubingó fjölskyldunnar. Götubingó fyrir alla fjölskylduna.

Nokkurs konar ratleikur þar sem gengnar eru mismunandi gönguleiðir í bænum og númerum safnað. Miðar seldir í Hamraborg.

Muses.is með sýningu í Rögnvaldarsal Edinborgarhúsinu.

Muses.is er Internet gallerí með myndlist eftir áhugaverða og framsækna myndlistarmenn. Sýningin verður opin alla daga frá kl. 16:00.

FÖSTUDAGUR 22. APRÍL

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin.

10:00-19:00 Opið hjá Sæfara.

Hægt verður að leigja kajaka og litla seglbáta ásamt öryggisverði.

10:00 Hin árlega gönguskiðaferð með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar.

Gengið verður frá Látrum í Aðalvík til Hesteyrar. Einstaklega skemmtileg og frekar auðveld ganga.

Leiðsögumaður og fararstjóri verður að vanda Jón Björnsson, forstöðumaður Hornstrandastofu.

Brottför frá Ísafirði klukkan 10 og komið aftur milli 17 og 18. Nánari upplýsingar má fá hjá Sjóferðum í síma 456-3879.

10:00 Kirkjuganga.

Gengið verður úr Valþjófsdal að Holtskirkju. Eftir stutta helgistund í Holtskirkju verður boðið upp á sjávarréttasúpu og nýbakað brauð í Friðarsetrinu Holti.

10:30 Lestur Passíusálma í Þingeyrarkirkju.

11:00 Helgistund á skíðasvæðinu í Tungudal.

11:00-17:00 Furðufatadagur í Tungudal.

Löng hefð er fyrir því að fjölskyldan skemmti sér saman í Tungudal á föstudaginn langa. Fólk er hvatt til að mæta uppáklætt. Kveikt verður í grillinu um hádegi, börnin geta látið mála sig við undirleik lífandi tónlistar og sælgæti mun rigna af himnum ofan.

11:00 Helgistund í Hólskirkju í Bolungarvík.

12:00-20:00 WAF-WestFjord ArtFest Rögnvaldarsal Edinborgarhúsinu og í húsnæði Sæfara á Suðurtanga.

Sýningin er haldin í samstarfi góðs hóps listamanna og rokkhátíðarinnar. Blanda af málverkum, vídeóverkum, stuttmyndum, teikningum, grafík, ljósmyndum o.fl. Markmiðið er að færa gestum og heimamönnum lifandi listaveislu fyrir flest skilningarvitin með ungum of efnilegum listamönnum.

13:00 Lestur Passíusálma í Mýrakirkju.

14:00-16:00 Ein stök hús í Gallery fjör 10 þrep í Listakaupstað, Norðurtanga, 3. hæð.

14:00-17:00 Heitt á þrjónunum.

Boðið upp á belgískar vöfflur, heitt kakó og fleira góðgæti.

14:00-18:00 Simbahöllin Þingeyri opin.

Belgískar vöfflur, kökur, kaffi, heitt súkkulaði og fleira.

15:00 Lestur Passíusálma í Núpskirkju.

16:00-18:00 Ráðstefna um tónlist í Edinborgarhúsinu.

Óttarr Proppé og Sigtryggur Baldursson stjórna umræðum.

16:00-19:00 Sóltún – Listasoppa.

Ljósmyndasýning, pönnuköku og uppákomur

19:00 Veitingastaðurinn við Pollinn á Hótel Ísafirði.

Tómas R. Einarsson og gítarleikarinn Ómar Guðjónsson spila djasstónlist í dinner og sjóðheitan latintakt síðar um kvöldið.

Boðið verður upp á kvöldverð og/eða ostahlaðborð.

20:00 Afmælisfundur AA-samtakanna í Ísafjarðarkirkju.

Kaffispjall á eftir og allir eru velkomnir.

20:30 Þáskabingó í Simbahöllinni Þingeyri.

Spennandi verðlaun í boði.

21:00 Á skíðum skemmti ég mér, Edinborgarhúsinu.

Sjá umfjöllun á fyrri síðu.

20:00-01:00 Aldrei fór ég suður- rokkhátíð alþýðunnar.

Haldin í áttunda sinn, nú í skemmu KNH.

Myndlist í Hamraborg. Auður Arna Höskuldsdóttir, Ísfríðingur, sýnir olíumyndir málaðar á striga.

Götubingó fjölskyldunnar. Götubingó fyrir alla fjölskylduna. Nokkurs konar ratleikur þar sem gengnar eru mismunandi gönguleiðir í bænum og númerum safnað. Miðar seldir í Hamraborg.

Muses.is með sýningu í Rögnvaldarsal Edinborgarhúsinu.

Muses.is er Internet gallerí með myndlist eftir áhugaverða og framsækna myndlistarmenn. Sýningin verður opin alla daga frá kl. 16:00.

24:00-04:00 Ingó og Veðurguðirnir í Edinborgarhúsinu.

LAUGARDAGUR 23. APRÍL

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin.

10:00-19:00 Opið hjá Sæfara.

Hægt verður að leigja kajaka og litla seglbáta ásamt öryggisverði.

10:00-18:00 Leikjadagur fyrir börn á öllum aldri í íþróttahúsinu á Þingeyri á vegum Höfrungs.

10:00-17:00 Gönguferð frá Höfða í Jökulfjörðum út í Grunnavík.

Siglt frá Bolungarvík með Bjarnarnesi að Höfða og gengið þaðan út í Grunnavík þaðan sem siglt er til baka. Fólk þarf að hafa með sér nesti og góðan fatnað.

12:00-20:00 WAF-WestFjord ArtFest Rögnvaldarsal Edinborgarhúsinu og í húsnæði Sæfara á Suðurtanga.

Sjá umfjöllun á fyrri síðu.

13:00-17:00 Þáskaheimsókn á Hesteyri.

Siglt verður frá bryggju Sjöferða á Ísafirði klukkan 13:00. Leiðsögn um svæðið, kaffi og heimabakað í Læknishúsinu. Lesið verður upp úr bók Yrsu Sigurðardóttur, *Ég man þig*, en söguvið þessarar æsispennandi skáldsögu er einmitt Hesteyri.

13:00 Þáskaeggjamót HG í Tungudal og á Seljalandsdal fyrir börn fædd 2000 og síðar.

14:00 Árlegur kökubasar Sunnukórsins. Ljóninu/Bónus, Skeiði Ísafirði.

14:00-16:00 Ein stök hús í Gallery fjör 10 þrep í Listakaupstað, Norðurtanga, 3. hæð.

14:00-17:00 Heitt á þrjónunum.

Boðið upp á belgískar vöfflur, heitt kakó og fleira góðgæti.

14:00-18:00 Simbahöllin Þingeyri opin.

Belgískar vöfflur, kökur, kaffi, heitt súkkulaði og fleira. Boðið verður upp á harmonikkutónlist.

14:00 Fjölskyldubingó Sundfélagsins Vestra - Edinborgarhúsinu.

16:00-19:00 Sóltún – Listasoppa.

Ljósmyndasýning, pönnuköku og uppákomur

16:00-02:00 Aldrei fór ég suður- rokkhátíð alþýðunnar.

Haldin í skemmu KNH.

24:00-04:00 Húsið á sléttunni í Edinborgarhúsinu.

Myndlist í Hamraborg. Auður Arna Höskuldsdóttir, Ísfríðingur, sýnir olíumyndir málaðar á striga.

Götubingó fjölskyldunnar. Götubingó fyrir alla fjölskylduna.

Nokkurs konar ratleikur þar sem gengnar eru mismunandi gönguleiðir í bænum og númerum safnað. Miðar seldir í Hamraborg.

Muses.is með sýningu í Rögnvaldarsal Edinborgarhúsinu.

Sýningin verður opin alla daga frá kl. 16:00.

SUNNUDAGUR 24. APRÍL

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin.

10:00-19:00 Opið hjá Sæfara.

Hægt verður að leigja kajaka og litla seglbáta ásamt öryggisverði.

8:00 Hátíðarmessa í Þingeyrarkirkju.

Morgunverður í félagsheimilinu í boði sóknarnefndar að lokinni messu.

09:00 Hátíðarguðþjónusta í Hólskirkju Bolungarvík.

09:00 Þáskamessa í Ísafjarðarkirkju.

Kaffi í safnaðarheimilinu eftir messu.

10:00 Þáskamessa í Flateyrarkirkju.

Hressing að messu lokinni.

11:00 Þáskamessa í Hnífsdalskapellu.

11:00 Hátíðar- og fermingarmessa í Mýrakirkju.

11:30-14:00 Brunch á veitingastaðnum Við Pollinn á Hótel Ísafirði.

Girnilegur morgunmatur og hádegismatur - það besta úr hvoru fyrir sig á fjölbreyttu hlaðborði fyrir alla fjölskylduna.

14:00 Þáskamessa í Holtskirkju.

14:00 Garpamót í svigi í Tungudal og á gönguskiðum á Seljalandsdal.

14:00-18:00 Simbahöllin Þingeyri opin.

Belgískar vöfflur, kökur, kaffi, heitt súkkulaði og fleira. Boðið verður upp á harmonikkutónlist.

Myndlist í Hamraborg. Auður Arna Höskuldsdóttir, Ísfríðingur, sýnir olíumyndir málaðar á striga.

Götubingó fjölskyldunnar. Götubingó fyrir alla fjölskylduna.

Nokkurs konar ratleikur þar sem gengnar eru mismunandi gönguleiðir í bænum og númerum safnað. Miðar seldir í Hamraborg.

Muses.is með sýningu í Rögnvaldarsal Edinborgarhúsinu.

Sýningin verður opin alla daga frá kl. 16:00.

MÁNUDAGURINN 25. APRÍL

10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin.

10:00-19:00 Opið hjá Sæfara.

Hægt verður að leigja kajaka og litla seglbáta ásamt öryggisverði.

Myndlist í Hamraborg. Auður Arna Höskuldsdóttir, Ísfríðingur, sýnir olíumyndir málaðar á striga.

Götubingó fjölskyldunnar. Götubingó fyrir alla fjölskylduna.

Nokkurs konar ratleikur þar sem gengnar eru mismunandi gönguleiðir í bænum og númerum safnað. Miðar seldir í Hamraborg.

Muses.is með sýningu í Rögnvaldarsal Edinborgarhúsinu.

Sýningin verður opin alla daga frá kl. 16:00.

Fjallamennska á 70. breiddargráðu

ÆVINTÝRAFERÐIR

BOREA ADVENTURES TIL JAN MAYEN

Það er líklega ekki ofsögum sagt að fáir líta á eyjuna Jan Mayen sem áfangastað fyrir ferðamenn, enda er eyjan um 600 km í norðaustur frá Íslandi. Þessi litla norska eldfjallaeyja hefur sjálfsgagt helst unnið sér til frægðar á Íslandi að rokkhljómsveit tók sér nafn hennar og margir sjómenn kannast við eyjuna frá fornu fari.

Undanfarin nokkur ár hefur ferðapjónustufyrirtækið Borea Adventures á Ísafirði hinsvegar boðið upp á ferðir til Jan Mayen með ævintýrabyrsta ferðalanga sem vilja upplifa þessa sérstöku eyju, klífa hið nærri 2300 metra háa eldfjall eyjunnar og skima eftir fjölda fuglategunda í lágum björgunum við ströndina.

Jan Mayen er 380 km² og einkennist af einu stóru eldfjalli, Bereenberg (2277 m.y.s.) sem er hulið jökli niður í um 1000 metra hæð. Landslagið er að öðru leyti hálent að hluta til og síðan miklir sandar þess á milli. Á Jan Mayen eru fáir íbúar og í raun engin með fasta búsetu. Um tuttugu Norðmenn reka þar veðurstöð og viðhalda Loran C staðsetningarmastri til öryggis ef Kalda stríðið tæki sig upp aftur!

Á komandi vertíð munu Borea menn sigla í þrígang til eyjunnar, bæði með skíðamenn og radíóamatöra sem finnst spennandi að senda út kallmerki frá þessari afskekktu eyju. En myndir segja meira en mörg orð.




« Aurora nálgast Jan Mayen á fögrum degi.



« Toppnum náð og gert klárt fyrir niðurleiðina.

« Skíðað niður vesturhlíð Bereenberg.



« Nóg er af rekaviðnum á Jan Mayen til að kynda varðeld.



« Kampavín í pottinum eftir 16 tíma fjallgöngu. Kæli- vatnið af ljósavélunum er notað til að kynda pottinn.

MATARUPPSKRIFTIR

Kjúklingur með núðlum a la Albert Jónsson

250 gr núðlur
olíu til steikingar og út á núðlurnar
500 gr kjúklinga bringur skornar í teninga
kjúklingakrydd (t.d. kryddblandan „best á kjúklinginn“)
2 laukar
1 þúrrulaukur
1 rauð paprika
20 sykurbaunir
3 brokkólíhöfuð
3-4 msk sojasósa
1 tsk púðursykur
Ferskur rifinn parmesanostur.

Sjóðið núðlur eftir leiðbeiningum, látið vatnið renna af og látið til hliðar. Hitið olíu á pönnu, kryddið kjúkling og steikið þar til gegn steikt. Setjið til hliðar. Skerið lauk, þúrrulauk, papriku, sykurbaunir og einnig brokkolíð. Bætið við olíu á pönnuna og mýkið (það er tilvalið að nota það grænmeti sem til er í ísskápnum gulrætur, sveppi og sellerí). Blandið kjúklingnum saman við og síðan núðlunum og blandið öllu vel saman (gott er að brjóta núðlurnar áður en þær eru soðnar, því þær eru svo langar). Blandið sojasósu og púðursykri saman við, hellið yfir og einnig olíunni og blanda svo öllu. Borið fram með parmesanosti.

Pastað hennar Regínu Sifjar Rúnarsdóttur

pasta (má vera spelt)
rjómaostur
mjólk
3-4 sveppir
3 hvítlauksgeirar
1/2 laukur
6-7 skinkusneiðar
brokkolí

Ég byrjaði á því að skera allt grænmetið. Síðan setti ég olíu á pönnu og léttsteikti grænmetið. Þegar það var orðið smá mjúkt þá hellti ég sirka hálfu vatnsglasi (litlu) á pönnuna. Lét vatnið hitna aðeins og setti svo hálfu rjómaostsdöllu út á pönnuna (heila ef það er svona lítil). Lét ostinn bráðna í smá stund og blandast við vatnið, setti svo mjólk út á, svona u.þ.b. 1 dl og bætti svo bara við eftir smekk eða ef sósan er þykk. Má líka setja rjóma. Síðan skar ég niður skinku og setti hana út á. Þessari uppskrift er hægt að breyta, bæta við grænmeti eða skipta því út og hafa öðruvísi ost t.d piparost eða mexíkóost.

Brúna lagkakan hans Aðalsteins Ásgeirs Ólafssonar

1 kg hveiti
500 gr smjörlíki (lint)
500 gr púðursykur
5 egg
1 ½ tsk natron
1 ½ tsk lyftiduft
½ tsk negull
½ tsk kardemommudropar
3 msk kakó
mjólk +/- 800 ml (deigið á að vera hæfilega þykkt en ekki renna út)

Smjörlíki og púðursykur er hrært saman, síðan er allt hitt sett út í, mjólkinn síðust. Ekki setja alla mjólkina í einu, það fer eftir hvernig hveiti þú ert með hvað þarf mikið af henni. (Deigið á að vera hæfilega þykkt en ekki svo það renni út um allt). Þetta er hrært vel saman, síðan er deigið smurt á 4 bökunarplötur með smjörpappír og bakað við 175° í ca 15 mín (bökunartími er mismunandi eftir ofnum).

Krem

500 gr smjörlíki | 750 gr flórsykur | 1 – 2 egg | Vanilludropar (eftir smekk)

Allt sett saman og hrært vel í hrærivélinni. Síðan er kreminu skipt í þrennt og smurt á kökuna. 1 „plata“ af kökunni er neðst, á hana er sett krem, síðan er næsta „plata“ sett og smurð með kremi o.s.frv. og auðvitað er endað á köku „plötu“. Þegar öllu þessu lokið er kakan skorin niður í hæfilega stóra bita og það sem ekki á að borða strax má setja í frost og taka síðan með sér í skíðanestið.

Uppáhalds partýmaturinn hennar Arndísar Óskar

Tortilla einn pakki (8stk)
1 dl grænmetissósa
1 dl sýrður rjómi
80 gr rjómaostur
einn poki pizzaostur
Þúrrulaukur svipað magn og osturinn.

Þetta er allt hrært saman og sett á eina tortilla köku og svo önnur sett ofan á og svo er þetta skorið í átta hluta (eins og maður sker pizzu)

Borið fram með salsa sósu



Aðalstræti 12
400 Ísafirði
www.dorukot.is
Doru-kot@simnet.is

Íslensk hönnun
Íslensk framleiðsla
Vatns- og vindhelt

Fólkið í landinu hefur alltaf verið okkar fjárfesting

Ánægðustu viðskiptavinirnir eru áfram hjá Sparisjóðnum

Hlutverk sparisjóðanna er að standa vörð um hagsmuni landsmanna, treysta innviði samfélagsins og styðja við félags- og atvinnulíf í heimabyggð. Við lítum á viðskiptavinum okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna og aðstoðum þig við að ná yfirsýn og tökum á fjármálum heimilisins.

Við hvetjum þig til þess að kynna þér málið í sparisjóðnum eða á spbol.is. Verið velkomin í viðskipti.

Við lögum okkur að þínum þörfum.



F110n/S1A



Afgreiðslutími um páska

- 21. apríl, skírdagur, kl. 10.00 - 21.00
- 22. apríl, föstudagurinn langi, kl. 13.00 - 17.00
- 23. apríl, laugardagur, kl. 10.00 - 21.00
- 24. apríl, páskadagur, kl. 13.00 - 17.00
- 25. apríl, annar í páskum, kl. 12.00 - 21.00

Samkaup úrval Ísafirði

Hafnarstræti 9-13, isafjordur@samkaupurval.is, samkaupurval.is

Landflutningar
SAMSKIP

FREE STYLE

KYSLAKE KENNEDY
MARS 2011



ELVAR INGI SIGURDARSON
MARS 2011



ARON SVANLJONSSON
MARS 2011



Best að koma við í Legg og Skel áður en ég skelli mér á Aldrei fór ég suður. Ótrúlegt úrval skilst mér.

Opnunartími um páskana:
 Skírdag: 11:00 til 16:00
 Laugardag: 11:00 til 16:00

Leggur og Skel

EIMSKIP
Yfir hafið og heim

Orkubú Vestfjarða
 Sími 450 3211 | www.ov.is

SPÝTAN EHF
 NJARDARSUND 2 • 400 ÍSAFJÖRÐUR • SÍMI: 456 4142 • spytan@simnet.is

SKÍÐASKÁLINN TUNGUDAL - GISTING

Skíðaskálinn í Tungudal er tilvalinn fyrir fjölskyldusamkomur, ættarmót eða ferðahópa sem vilja eiga góðar stundir í rólegu og notalegu umhverfi.

- Gistirympi fyrir allt að 14 manns í uppþúnum rúmum (5 tveggja manna herb. og 1 fjögurra manna herb.)
- Allt að 30-35 dýnur fyrir svefnpökagistingu
- Salur skálans sem tekur allt að 100 manns í sæti
- Fullbúið eldhús

Nánari upplýsingar í síma 865 5713 eða á netfangi hafraholt32@simnet.is

BÆJARSTJÓRI Á SLÓÐ MINNINGANNA

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, bregður sér á skíði og rifjar upp ýmislegt frá þeim tíma þegar hann var barn og unglingur á skíðasvæði Ísafirðinga.

Ég hef verið að velta því fyrir mér upp á síðkastið af hverju mér finnst svona gaman á skíðum. Hvað er það sem gerir það að verkum að mig langar alltaf á skíði, jafnvel þegar eitthvað annað skemmtilegt stendur til boða? Það skiptir ekki máli hvernig skíði það eru, gönguskiði, svigskíði, telemark, fjallaskíði - en reyndar ekki snjóbretti. Ég hef aldrei farið á snjóbretti en ég ímynda mér að það sé gaman.

Um daginn fóru krakkarnir mínir í þrjúbíó og þá hvarflaði ekki að mér annað en að drífa mig á skíði. Samt hafði ég farið tvisvar sinnum á skíði daginn áður og þetta átti að vera frídagur frá skíðum. Það var sól og æðislegt færi og ég ætlaði að taka nokkra hringi á gönguskiðum með Völu konunni minni enda mót framundan og ekki seinna vænna að koma sér í form.

Uppi á dal var léttur vindur, hlýtt og klísturfæri. Mörgum finnst mjög leiðinlegt að setja klístur undir skíðin en mér finnst það frábært. Það að hitta á rétta blöndu er stundum eins og að vinna í happdrætti og að vera með góð skíði skiptir öllu máli. Ég gekk af stað og fann strax að ég var aðeins ryðgaður, áttaði mig samt ekki á því hvers vegna. Skíðin voru hinsvegar frábær enda var ég á „nýjum“ gömlum Madshus skíðum sem tengdapabbi keypti hjá Bobba fyrir einhverjum árum. Sjálfur hef ég aldrei keypt Madshus. Ég hef reyndar bara einu sinni keypt mér skíði, þá keypti ég Fischer. Þegar að ég var lítið keyptu mamma og pabbi skíðin fyrir mig og síðar þegar ég varð eldri komst ég á styrktarsamning. Eftir að ég hætti þar hef ég notað gömlu skíðin mín fyrir utan þessi einu Fischerskiði.

ÓLAFS FIRÐINGUR VÍTI TIL VARNAÐAR

Þegar upp fyrstu brekkurnar var komið var ég kominn upp að Sandfelli. Þar á ég mínar fyrstu minningar um Skíðamót Íslands. Þetta var árið 1983, ég var tíu ára gamall að horfa þarna á mitt fyrsta skíðamót en verið var að keppa í stökki. Ég sat upp í starti og fylgdist með skíðastökkvora frá Ólafsfirði í bláum Adidas galla sem var að reyna að mana sjálfan sig af stað. Eftir að hafa náð að sannfæra sjálfan sig um að láta reyna á þetta þaut hann af stað en guggnaði á síðustu metrunum og stóð upp og þorði ekki að taka á loft heldur renndi sér bara í gegn. Ég man að félögum hans fannst lítið til hans koma og hneyksluðust mikið. Ég hét því að láta þetta aldrei koma fyrir mig.



Árið áður, 1982, hafði ég reyndar verið á nákvæmlega sama stað þegar Fokker flugvél frá Flugfélagi Íslands tók sig á loft í blíðskaparveðri. Margir fylgdust með og voru að horfa á þegar mikill hvellur heyrðist og í framhaldinu kom mikill reykur aftan úr vélinni. Flestum brá við og var mikill handgangur í öskjunni. Vélin, sem var full af bolvískum sundkrökkum, lenti heilu og höldnu á tveimur hjólum á Keflavíkurflugvelli í beinni útsendingu kvöldfrétta sjónvarpsins. Ólafur Sigurðsson fréttamaður var staddur hér á Ísafirði og fékk að nota skrifstofuna hans pabba í Miðtúninu til að semja fréttir um atvikið. Mér er minnisstætt hve mikið gekk á hjá honum þegar að hann hamraði á ritvélina með tveimur fingrum. Það voru aðrar og harkalegri aðferðir en þegar pabbi kitlaði ræðurnar sínar á ritvélina. Einn og einn staf í einu.

SKÖMMUSTULEGUR Á SKARÐSENGI

Áfram hélt ferðin og var ég loks kominn upp á Skarðsengi. Þegar ég kem á Skarðsengi rifjast alltaf sama sagan upp fyrir mér og ég verð þínu skömmustulegur. Þegar ég var um 14-15 ára vorum við þarna á hlaupaefingu. Höfðum hlaupið úr bænum og upp á dal en Muggur var að þjálf okkur og var með í för. Þegar að við komum upp að skúrnum á Skarðsengi litum við á áburðarhitamælinn sem þá þótti sjaldgæf gersemi. Kringlóttur mælir á



stærð við LP plötu og mælirinn vísaði á þann lit áburðar sem setja átti undir. Uppfullur af unglíngahormónum og æðibunuganginum sem einkennir mig og mína tók ég svígstöng og barði í mælinn enda hefði fyrir því að banka aðeins í hitamæla til að fá þá til að sýna rétt. Þessi aðferð mín leiddi auðvitað til þess að ég braut mælinn og Muggur skammaði mig mikið enda algjör vitleysisgangur í mér. Skammirnar hljóta að hafa virkað, allavega man ég enn eftir þessu.

Frá Skarðshengi á ég líka góðar minningar. Sem púkar gengum við eftir æfingarnar á gönguskíðunum lengst upp í fjall í djúpri mjöllinni og brunuðum niður með Bjarna Brynjólfs í alltof stórum skóm af Einari frænda í broddi fylkingar. Kölluðum það víðáttubrjálæðið og þetta endaði yfirleitt með því að við duttum á bólakaf í snjóinn. Það var gaman.

SIGRAÐI NÆSTUM HELJARMENNIÐ FRÁ SIGLUFIRÐI

Það var líka gaman þegar mér tókst 13 ára að hanga á Sölva Sólvasyni frá Siglufirði í 5 km boðgöngu á bikarmóti á Skarðsengi. Sölvi hafði fram að þessu aldrei tapað göngu á Íslandi. Hann er tveimur árum eldri en ég og þótti mikið heljarmenni sem enginn vildi standa í vegi fyrir. Á þessum tíma var hann líka um hálfum metra lengri en við hinir, a.m.k. í minningunni og hefði getað notað okkur hina sem skíðastafi ef svo hefði borið undir. En í þessari boðgöngu var ég við það að vinna hann. Hann gekk á skíðunum mínum allan tímann og fékk áminningu fyrir og nokkrir heimamenn létu vel í

sér heyra. Held meira að segja að Þröstur Jó hafi verið orðinn æstur. Ég náði þó ekki að vinna hann, en hann var ekki á undan mér - við vorum dæmdir jafnir. Mér þykir líklegt að ég hafi verið leiðinlega grobbinn eftir þetta enda ekki mjög hógvær þegar kemur að eigin afrekum.

TÓK HLÆJANDI FRAM ÚR MÉR

Þegar ég var fimmtán ára lenti ég í því á Skarðsengi sem alla Fossavatnsgöngufara hræðir - að láta einhvern renna fram úr sér sem maður hefur haft mikið fyrir að halda fyrir aftan sig upp Miðfellshálsinn. Þetta var mín fyrsta Fossavatnsganga og ég náði að verða fyrstur upp á heiði frá Fossavatni eða eftir 9 km af 20. Á eftir mér voru ekki ómerkari menn en Einar Ólafsson, Sigurgeir Svavarsson og Rögnvaldur Ingþórsson. Eitthvað hafði rennslíð klikkað hjá mér og sennilega fór ég nú heldur hratt af stað en allavega runnu þeir allir fram úr mér niður fyrri hálsinn, Fellsháls. Ég var þá kominn með nokkurt forskot. Sigurgeir og Einar settu þá í annan gír og sá ég þá ekki frekar. Hinsvegar var Rögnvaldur innan seilingar og ég nýtti síðustu kraftana upp Miðfellshálsinn til að reyna að mynda bil á milli okkar. Það tókst en þegar við komum niður á Skarðsengi og ég hafði ýtt mér nokkurn tíma kom hann hlæjandi fram úr mér í brunstöðu. Þá var ég fúll.

Við Vala héldum ferðinni áfram um Fossavatnshálsinn afturábak upp á Miðfellsháls, þar sem útsýni er til allra átta. Vala var orðin eitthvað á eftir mér svo ég beið aðeins eftir henni. Mikil tilhlökkun var eftir því að renna sér til baka. Við vorum búin að strita upp 8,7 km og nú átti að renna sér heim. Þegar við lögðum af stað var orðið nokkuð kalt eftir sólbráðina um daginn. Hraðinn var því mikill og ég þorði ekki annað en að fara í plóg. Mér hefur alltaf þótt þessi brekka yfirþyrmandi og verð alltaf þínu hræddur en læt mig þó hafa það að bruna. Í þetta sinn var ég þó of hræddur og plógaði og uppskar hlátur frá Völu í staðinn. Þínlegt.

Neðar hittum við Árna bakara og Rósu. Stoppuðum lengi og spjölluðum við þau og Árni sagði okkur skemmtilegar sögur um afa sinn og gamla tíma á Ísafirði. Svo skemmtilegar voru sögurnar að mér var orðið ískalt eftir langt sögustopp. Þau héldu áfram upp og við Vala renndum okkur af stað niður. Ég var á eftir henni niður brekkurnar og ýtti í stafina hennar þannig að aukakílóin mín nýttust okkur báðum til að komast hraðar. Það var mikið fjör og við flugum áfram. Á leiðinni sagði ég Völu sögur frá gamalli tíð af Skarðsengi - tíminn var fljótur að líða og skíðaferðin brátt á enda. Við stukkum inn í bíl og brunuðum í bíóið til að ná í krakkana og hvunnudaginn.

Er það ef til vill það sem mér finnst svona gaman við skíðin - að rifja upp minningarnar og búa til nýjar?

Kannski.



Róa á kajak og svífa seglum þöndum á Pollinum um páska

Um páskana mun Sæfari, félag áhugamanna um sjósport á Ísafirði, bjóða uppá gleði og glens á Pollinum á Ísafirði fyrir heimamenn og alla páskavikugestina sem væntanlegir eru til Ísafjarðar. Þar geta bæði byrjendur og lengra komnir reynt fyrir sér í kajakróðri og seglbátasiglingum. Allt verður undir öruggri leiðsögn Sæfaramanna sem hafa sérhæft sig í sjósporti af þessari gerð. Opið verður í aðstöðu Sæfara á Suðurtanga við Neðsta kaupstað alla páskadagana frá kl 10-19 og getur fólk bara mætt á staðinn eftir hentugleikum. Þeir sem eru vanari kajakróðri geta einnig leigt báta og róið um svæðið í grennd við Ísafjörð. Kajakarnir og seglbátarnir verða leigðir út gegn vægu gjaldi.



Á vordögum stefna Sæfaramenn að því að opna fyrsta vísinn að Útivistarmiðstöð Íslands, sem lengi hefur verið á þrjónunum, og er verið að fjórfalda aðstöðu félagsins á Suðurtanga 2 í tengslum við þær fyrirætlanir. Sæfari hefur um árabíl boðið börnum og unglingum á námskeið í siglingum yfir sumartímam og hafa þau mælst afar vel fyrir. Uppbygging Útivistarmiðstöðvar mun án alls efa efla þá starfsemi til muna.



SIGRÍÐUR LÁRA GUNNLAUGSDÓTTIR ræðir við þrjá vaska Ísfirðinga sem fóru í eina mestu svaðilför sem Ísfirskur keppnishópur á skíðum hefur lent í fyrr og síðar. Áfangastaðurinn var Unglingalandsmót á Seyðisfirði veturinn 1970 og var hópurinn að heiman í hartnær hálfan mánuð vegna óveðurs.



„Við vorum nú ekkert verrri á eftir“

Fyrir tveimur árum var haldið bikarmót í alpagreinum fyrir 13-14 ára krakka í Oddsskaði. Rannveig, 13 ára, dóttir mín var meðal þeirra Ísfirðinga sem voru á leiðinni austur til að keppa. Okkur foreldrunum þótti þetta að vonum frekar langt ferðalag og fannst að ekkert vit væri að fara keyrandi alla þessa leið með krakkana, best væri að splæsa í flug.

Eitthvað hafði ég þetta á orði í fjölskylduboði og varð það til þess að ég heyrði fyrst af því ferðalagi sem um er fjallað í þessari grein. Þarna í boðinu fóru bræður mínir Gísli Gunnlaugsson og Jónas Gunnlaugsson að lýsa ævintýrlegu ferðalagi sínu, 13 og 15 ára, á Unglingameistaramót á Seyðisfirði um páska 1970. Þar spilaði veður og ófærð stórt hlutverk en mestu skipti að samgöngur voru öllu vanþróaðri og erfiðari en nú er.

PREMENNINGAR RIFJA UPP

Mér þótti þessi saga bræðra minna mjög merkileg, ekki síst fyrir þær sakir að ég er nú í sporum foreldris sem er sífellt (að mér finnst) að senda börnin sín í keppnisferðalög um hávetur og hefði alls ekki viljað standa í sporum foreldra minna fyrir 40 árum með ferðalögin eins og þau voru þá. Það varð því úr að ég settist niður kvöldstund með þremur þátttakendum í þessari ferð og fórum við yfir ferðalagið eftir því sem minni þeirra leyfði. Þetta eru

þeir Einar Hreinsson, Óskar Kárason og Jónas Gunnlaugsson. Voru þeir á aldrinum 13 til 16 ára þegar ferðin var farin.

Nokkuð gekk þeim vel í upprifjuninni en tóku þó strax fram að ekki væri víst að allt væri prenthæft sem frá þeim kæmi. Sumt mundu þeir allir eins og það hefði gerst í gær, annað þurfti einn að rifja upp og rofaði þá gjarnan til í kollinum hjá hinum. Stundum er bara einn til frásagnar og verðum við að treysta á að árin hafi ekki litað minningarnar mikið.

Óskar þurfti á stundum að beita alkunnu bragði og hringja í vin, Þorstein Sigfússon. Þessi upprifjun reyndist hin besta skemmtun bæði fyrir ferðalangana og okkur hin sem fengum að hlýða á. Vonandi hafa lesendur einnig gaman af að heyra af þessu merkilega ferðalagi.

Á VARDSKIPI MEÐ FRÍÐU FÖRUNEYTI

Unglingameistaramót Íslands árið 1970 var eins og fyrr segir haldið á Seyðisfirði um páska og fóru 15 unglingar og tveir fararstjórar



Frá vinstri: Halldór Antonsson, Sigmundur Annasson, Valur Jónatansson, Guðmundur Ólafsson, Þorsteinn Sigfússon, Jón Grímsson, Jónas Gunnlaugsson, Elísabet Þorgeirsdóttir, Kolbrún Svavarsdóttir, Óskar Kárason, Sigrún Grímsdóttir, Halldór Jónsson, Einar Hreinsson og Gísli Gunnlaugsson.

frá Ísafirði á þetta mót. Þeir sem kepptu í svigi voru: Einar Hreinsson, Sigmundur Annasson, Valur Jónatansson, Sigrún Grímsdóttir, Kolbrún Svavarsdóttir, Elísabet Þorgeirsdóttir, Halldór Antonsson og Guðmundur Geir Yngvason. Í göngu kepptu: Þorsteinn Sigfússon, Óskar Kárason, Gísli Gunnlaugsson, Jónas Gunnlaugsson, Halldór Jónsson, Jón Grímsson og Guðmundur Ólafsson. Fararstjórar voru Hreinn Þ. Jónsson í göngu og Sverrir Hestnes í svigi. Einnig var með í för Gunnlaugur Nielsen, Seyðfirðingur sem var í skóla á Ísafirði og ferðaðist með hópnum en keppti fyrir Seyðisfjörð í svigi.

ÞJÓFSTARTAÐ MEÐ MALTI OG APPELSÍNI

Þetta ár voru páskar frekar snemma, páskadagur var 29. mars og ferðin hefur því líklegast hafist þann 23. mars. Farið var með varðskipi eins og algengt var á þessum tíma og að þessu sinni var það varðskipið Óðinn sem lagði upp frá Ísafirði að morgni dags. Um borð var einnig nokkur fjöldi ísfriskra keppenda á leið á Landsmót á Siglufirði. Skipherra í ferðinni var Þröstur Sigtryggsson.

Aldursmunur keppenda var nokkur. Jónas var yngstur, 13 ára. Þeir elstu voru 16 ára, þeirra á meðal voru Óskar Kárason og Þorsteinn Sigfússon,

Einar var 15 ára. Öllum kom þó vel saman þrátt fyrir aldursmun og löng og oft erfið ferðalög. Báru þau yngri óttablanda virðingu fyrir þeim eldri sem voru yfirleitt mjög hjálpleg. Sérstaklega var eftir því tekið hve Nonni Gríms passaði vel upp á Sirru litlu systur sína og minnti hana reglulega á að fara í „síðar“. Jónasi er mjög minnstætt að allir áttu að vera með nesti fyrir sjóferðina. Eitthvað tafðist brottför og ferðin var ekki hafin þegar Óskar og Steini Fúsa voru byrjaðir á sínu nesti. Þeir slógu um sig og blönduðu sér malt og appelsín með stæl strax við bryggju á Ísafirði. Var Jónas að sjá þann drykk blandaðan í fyrsta sinn og þótti mikið til koma.

FORSETASVÍTAN FYRIR ÍSFIRÐINGANA

Frá Ísafirði var haldið til Siglufjarðar. Fyrst þurfti þó að taka krók inn á Blönduós en þangað var varðskipið að flytja lík ungs manns sem farist hafði af slysförum vestur á fjörðum. Komið var til Siglufjarðar að kvöldi. Þar fóru allir Ísfirðingarnir í land og gistu um nóttina í skólastofu. Á meðan fór varðskipið inn Eyjafjörð og sótti keppendur til Akureyrar, Dalvíkur og Ólafsfjarðar.

Snemma næsta morgun voru svo Ísfirðingarnir sóttir ásamt keppendum frá Siglufirði og haldið var til Húsavíkur. Þar var stoppað stutta



Alpadömur.
Frá vinstri: Kolbrún Svavarsdóttir, Sigrún Grímsdóttir og Elísabet Þorgeirsdóttir.

stund og Húsvíkingar teknir um borð. Ísfirðingar fengu að skjótast í land stutta stund og kíktu þeir í Bókabúðina með Jónas og Gísli í broddi fylkingar en bóksalinn var frændi þeirra og ekki hægt að kíkja í bæinn án þess að líta við og heilsa upp á fólk. Síðan var siglt fyrir Melrakkaslétu og Langanes og til Seyðisfjarðar. Á meðan Ísfirðingar voru um borð í Óðni fengu þeir forsetasvítuna til afnota. Reyndist það mjög góð ráðstöfun því þar var klósett sem hópurinn hafði út af fyrir sig og var mikið notað þegar sjóveikin fór að herja á mannskapinn. Á leiðinni til Siglufjarðar var sæmilegt veður en frá Siglufirði til Seyðisfjarðar var kaldaskítur og nokkuð um sjóveiki um borð. Mundu þeir félagar sérstaklega eftir því að Kolla Svavars var svo illa haldin af sjóveiki að hún gat ekki borðað fyrr en á öðrum degi á Seyðisfirði.

ALHVÍTIR Í HVEITIPOKUM OG HEIMAPRJÓNI

Á Seyðisfirði var gisti í síldarbragga. Þar voru hinar bestu aðstæður, sofið í rúmum og bara tveir í hverju herbergi. Einhverjir gistu þó hjá ættingjum og vinum. Óskar og Steini Fúsa voru hjá frænku Steina og Einar gisti hjá vini sínum Gulla Nielsen.

Dagskrá mótsins fór nokkuð úr skorðum, veðrið var vont og mikil snjókoma. Fyrsta dag mótsins var veður þó ágætt. Þá var keppt í stórsvigi og göngu uppi á heiði. Síðan skall á vitlaust veður og ekkert hægt að keppa. Ekki reyndist unnt að keppa aftur fyrr en á þriðja eða



Hvíta gönguliðið.
Frá vinstri: Jón Grímsson, Guðmundur Ólafsson, Gísli Gunnlaugsson, Halldór Jónsson, Óskar Kárasón, Þorsteinn Sigfússon og Jónas Gunnlaugsson.

fjórða degi. Svigið var þá haft á túni rétt utan við bæinn og boðgangan í kringum kirkjuna. Minnst Jónas þess að brautin þurfti að sveigja framhjá einhverjum girðingum sem stóðu upp úr snjónum. Mikið hafði snjóað og var mikil lausamjöll. Því var ekki hægt að troða með snjósleða, heldur var gengið á undan og merkt með svigstöngum. Dóri Jóns datt í boðgöngunni og í spennandi keppni virtist líða óratími þar til það sást aftur í hann í öllum snjónum. Ekki hjálpaði til að ísfirsku göngumennirnir voru í hvítum göngugöllum: Hvítar hnébuxur, hvítir sokkar, hvítar rúllukragapeysur og hvítar þrjónahúfur. Var oft erfitt að koma auga á þá í brautinni í leiðindaveðri og skafrenningi. Bræðurnir Jónas og Gísli voru í buxum saumuðum úr hveitipokum og Steini Fúsa í rúllukragapeysu sem hann þrjónaði sjálfur í þrjónavél. Mamma Steina þrjónaði hinsvegar peysuna á Óskar.

GARDÍNURNAR FUÐRUÐU UPP

Óveðursdagana voru samkomur í bíóhúsinu fyrir keppendur. Einar Hreinsson lýsti því svo: „Þar voru einhver félagsmálatróll með allskonar leiki og þrautir sem við vissum ekki að væru til,“. Eitt sinn fór Jónas á svið, hann var yngstur ísfirsku keppendanna og var að eigin sögn settur í það sem enginn annar vildi gera. Hann var í einhverskonar mælskukeppni og átti að tala vel um skíði í 30 sekúndur og illa í 30 sekúndur. Tókst það að sögn Einars og Óskars mjög vel hjá honum þrátt fyrir að vera yngstur og minnstur í leiknum.

Fyrir svigkeppnina voru Einar og Gulli (Gunnlaugur Nielsen) að bera undir skíðin niðri í kjallara heima hjá Gulla. Hituðu þeir vaxið í Ora niðursuðudós á gasprímus, síðan var vaxið penslað á skíðin og látið kólna. Í lokin var vaxið svo skafið af og á eftir var sólinn þússaður með korki. Í þetta skiptið ofhitnaði vaxið og það kviknaði í því. Eldurinn náði í gardínur sem voru fyrir gluggum í kjallaranum og þær fuðruðu upp á svipstundu. Einar spyr Gulla hvort hann ætli ekki að segja mömmu sinni frá. En Gulli vill klára að bræða fyrst! Svo þeir kæla vaxið og klára að bera undir og fara að því loknu og láta vita að gardínurnar í kjallaranum séu því miður horfnar í reyk og ósku.

Þrátt fyrir erfitt veður var árangur ísfirsku hópsins mjög góður. Þau unnu bæði boðgönguna og flokkasvigið. Besta árangrinum náði Valli Jónatans sem sigraði bæði í svigi og stórsvigi og þar með alpatvíkeppni auk þessa að vera í sigursveit í flokkasvigi. Hann kom því heim með fjögur gull. Fleiri verðlaunahafar voru í hópnum og unnust nokkur silfur og bronsverðlaun. Var fjöldinn slíkur að öllum verðlaununum var stillt upp í glugga Bókhlöðunnar eftir að heim var komið.

ALLIR LÁGU FLATIR OG ÆLANDI UM ALLT

Eftir nokkra dvöl á Seyðisfirði kom varðskipið Óðinn og sótti alla aðkomukeppendur. Veður var enn slæmt og sjóleiðin eina færa leiðin frá Seyðisfirði. Ekki var hægt að sigla norður fyrir vegna hafíss og því farið með allan hópinn til Reyðarfjarðar. Fyrst var þó farið til Neskaupstaðar með Norðfirðingana. Síðan siglt áfram til Reyðarfjarðar með alla hina keppendurna. Þessi sigling var flestum mjög erfið. Mjög slæmt var í sjóinn og mikil sjóveiki. Voru hásetarnir um borð stöðugt á ferðinni við að aðstoða sjóveika farþegana, gengu þeir um með tvær fötur hver og höfðu nóg að gera. Sjóveikin lagðist þó greinilega



Alpadrengir.
Frá vinstri: Valur Jónatansson, Sigmundur Annasson, Guðmundur Geir Yngvason, Halldór Antonsson og Einar Hreinsson.

mismikið á fólk. Óskar var sjóveikur en gat þó gengið um. Hann reyndi að fara að orðum stýrimannsins sem sagði að best væri að borða, þá færi sjóveikin. Óskar: „Ég fór þá niður og fékk mér kjötsúpu en var varla hálfnaður af diskinum þegar ég þurfti að hlaupa upp aftur.“ Jónas var mjög sjóveikur og man eingöngu eftir að hafa legið á gólfinu í forsetasvítunni, framan við klósettið svo stutt væri að fara til að gubba. Einar Hreinsson sem aldrei hefur fundið fyrir sjóveiki hvorki fyrr né síðar, lýsti því svo: „Ekki var hægt að tala við nokkurn mann, allir lágu flatir og ælandi um allt, þetta var hundleiðinlegt!“

ÝMISLEGT KEYPT „ÖDRUVÍSI“ Í KAUPFÉLAGINU

Þetta erfiða ferðalag tók þó enda og hópurinn sem líklega var um 100 manns komst til Reyðarfjarðar. Þar gisti allur hópurinn í skólanum. Þarna voru allir keppendur af mótinu nema Norðfirðingar og Seyðfirðingar og því mikið fjör í hópnum þrátt fyrir erfiða sjóferð. Frést hefur að rúða hafi brotnað í útibúi Landsbankans eftir að snjókúla með grjóti hafi lent í henni. Jónas og Einar vildu nú meina að Óskar og Steini hefðu eitthvað haft með það að gera en ekki var Óskar minnugur um þennan atburð. Kaupfélagið var heimsótt og eins og þeir félagar orðuðu það glottandi: „Eitthvað var keypt og annað keypt öðruvísi.“ Hillur Kaupfélagsins tæmdust hratt og örugglega án þess að mikið bættist í peningakassann. Sérstaklega var kex og ákveðin gerð af húfum vinsæl vara.

Frá Reyðarfirði fór allur hópurinn með rútum til Egilsstaða. Það var kolófært um Fagradal og þurfti að moka sérstaklega fyrir keppendurna. Þetta voru 4 eða 5 rútur. Stuttu eftir að lagt var af stað frá Reyðarfirði þurfti að stoppa stutta stund meðan beðið var eftir mokstri. Þá sést lögeglubíll nálgast rúturnar og fór þá um marga sem höfðu keypt „öðruvísi“ í Kaupfélaginu og varð mikill handgangur við að fela varning sem með réttu átti að vera enn í hillum. Viðmælendur blaðsins voru þó að sögn sallarólegir enda höfðu þeir ekkert að fela. Í mörg ár eftir þessa ferð spurði Hreinn fararstjóri Óskar alltaf þegar þeir hittust: „Heldurðu að Kaupfélagið á Reyðarfirði sé ekki farið á hausinn?“

HRINGINN Í KRINGUM ÍSLAND Á TÓLF DÖGUM

Hópurinn komst svo að lokum til Egilsstaða en þaðan var flogið samdægurs til Reykjavíkur. Voru það auk ísfrska hópsins keppendur frá Reykjavík og Norðurlandi sem voru á ferð. Í Reykjavík var gíst eina nótt, tvístraðist þá hópurinn og gistu allir hjá ættingjum. Einar: „Það voru

allir búnir að fá nóg hver af öðrum.“ Daginn eftir var flogið frá Reykjavík heim til Ísafjarðar. Það var þreyttur en glaður hópur sem kom heim hlaðinn verðlaunum og titlum eftir u.þ.b. 12 daga ævintýraferð hringinn í kringum landið, siglandi, akandi og fljúgandi.

Láta má nærri að af þeim nær tveimur vikum sem Ísfröðingarnir voru að heiman hafi keppnisdagar verið í mesta lagi þrjár. Hina dagana var hópurinn ýmist á ferðalagi í allskyns veðrum eða veðurtepptur á Seyðisfirði. Ekki voru mikil samskipti heim - engir gamsar, tölvupóstur eða facebook. Einhver skilaboð komust þó til foreldra um skipulag ferðarinnar frá fararstjórum en ekki minnst Óskar og Jónas þess að hafa heyrt frá eða rætt við foreldra sína. Svona var bara ferðast og ekkert gerðar kröfur um annað. Það er við hæfi að Óskar slái botninn í þessa grein með lokaorðum sínum um þessa ferð: „Við vorum nú ekkert verri á eftir.“ — SLG



ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
 ADALSTRÆTI 19, 415 BOLUNGARVÍK
 HAFNARSTRÆTI 9, 400 ÍSAFJÖRÐUR

Sími: 450 7900 Fax: 456 7447 jon@endvest.is
 Sími: 450 7910 Fax: 450 7919 guðmundur@endvest.is

NÝBÖKUÐ BRAUÐ OG KÖKUR

Opnunartími:

Virka daga	kl. 07 – 18
Skírdag	kl. 07 – 16
Föstudaginn langa	kl. 09 – 16
Laugardag	kl. 07 – 16
Páskadag	kl. 09 – 16
Annar í páskum	kl. 08 – 16

Velkomin á Skíðavíku 2011 **Gamla bakarið**

Adalstræti 24 • Sími 456 3226 **GAMALT EN SÍUNGT**

HEKLUSALURINN Söluumboð á Ísafirði
 Nýir bílar Hekla notaðir bílar

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Fax 456 4610 • Kt. 580196-3229 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

H.V. UMBODSVERSLUN ehf.

LA TRANSJURASSIENNE 2011

Ferðasaga frá Frakklandi



Haustið 2010 frétti ég af því að nokkrir skíðamenn á Ísafirði hefðu áhuga á því að taka síðar um veturinn þátt í La Transjurassienne göngunni í Frakklandi. Sú ganga er hluti af Worldloppet-mótaröðinni. Hátt á annan tug manna voru nefndir til sögunnar sem líklegir þátttakendur en á endanum vorum við átta sem ákváðum að fara. Það voru þeir Albert Högnason, Einar Ágúst Yngvason, Gunnar Þór Sigurðsson, Hlynur Guðmundsson, Bobbi (Kristbjörn Róbert Sigurjónsson), Skúli Berg, Þröstur Jóhannesson og ég. Allir í hópnum höfðu áður tekið þátt í göngum erlendis, að mér og Albert undanskildum. Einar Ágúst hafði til að mynda lokið tíu göngum í Worldloppet-mótaröðinni og með því unnið sér inn nafnbótina Worldloppet Gold Master. Þá er Þröstur „gamall“ ólympíufari eins og allir Ísafirðingar eiga að vita.

Í byrjun árs 2011 fóru að berast af því fregnir að ekki væri allt of mikill snjór í Júrafjöllum, þar sem La Transjurassienne gangan fer fram. Í byrjun febrúar var síðan gefin út sú yfirlýsing af mótshöldurum að af göngunni yrði en að ekki yrði hægt að ganga hefðbundna leið. Jafnframt yrði gangan stytt nokkuð. 50



Greinarhöfundur annar frá hægri, úthvildur eftir góðan nætursvefn.

Frá vinstri Gunnar Þór, Albert, Skúli Berg, Kristbjörn, Kristinn og Einar Yngva

km leiðin, sem sex okkar ætluðu að ganga hefðbundið, yrði stytt í 42 km, og þá yrði 76 km gangan með frjálsri aðferð stytt niður í sömu vegalengd.

► Að morgni miðvikudagsins 9. febrúar vorum við mættir í Leifsstöð, allir nema Hlynur, en hann er nú búsettur í Noregi og ætlaði að fljúga þaðan til Genfar á föstudeginum. Frá Keflavík var flogið til Heathrow-flugvallar í London. Frá Heathrow var farið með rútu á Gatwick-flugvöll þaðan sem flogið var til Genfar í Sviss. Gekk ferðalagið vel fyrir sig þó svo það hafi verið býsna langdregið. Það var ekki fyrr en síðla kvölds sem við lentum í Genf. Á leiðinni þaðan og að hótelinu okkar

62. FOSSAVATNSGANGAN 30. APRÍL 2011

Dagskrá

Fimmtudagur 28. apríl:

15:00-17:00 Skráning í Upplýsingamiðstöð Vestfjarða

17:00 Masterklass námskeið fyrir alla

Föstudagur 29. apríl:

14:00-18:00 Skráning og afhending númera í

Íþróttahúsinu Torfnesi

14:00 Brautarskoðun með leiðsögn.

Hlutar brautarinnar verða skoðaðir (á skíðum) með staðkunnugum og leiðin útskýrð í smáatriðum

19:00-21:00 Pastaveisla í Íþróttahúsinu Torfnesi

Laugardagur 30. apríl:

62. Fossavatnsgangan

Rástímar: 50 km: 10:00 | 20, 10, 7 km: 11:00

15:30-18:00 Fossavatnskaffi og verðlaunaafhending í Íþróttahúsinu Torfnesi

19:00-? Súputeiti og músík í Edinborgarhúsinu

Dagskrá getur breyst



Nánari upplýsingar um skráninguna má finna á www.fossavatn.com

í Júrafjöllum, sem er staðsett í smábænum Bois d'Amont, veittum við því athygli að lítið var um snjó á svæðinu, en einungis einstaka snjóruðninga var að sjá á stangli og svo virtist sem ekkert hefði snjóað í talsvert langan tíma. Eftir klukkutíma akstur vorum við komnir á hótelið. Fyrir utan það gaf að líta grútskítugan lítinn snjóskafli og hafði þá einhver á orði að þarna væri upplagður staður til að prófa fattið.

Áður en haldið var af stað að heiman hafði Bobbi skipað mönnum í herbergi og veittist mér sá heiður að vera herbergisfélagi hans. Átti hann síðar eftir að sjá mikið eftir þeirri ákvörðun sinni.

► Á fimmtudagsmorgninum var farið snemma á fætur, að því er ég hélt, eða upp úr kl. 07:00. Að loknum morgunverði hófst síðan leit að snjó, nægjanlega miklum svo á honum mætti skíða. Eftir um 20 mínútna akstur komum við að húsi sem á voru merkingar sem vöktu vonir um að skíðabraut væri í nánd. Svo reyndist vera og stormuðum við því óþreyjufullir af stað. Þarna reyndist vera hin ágætasta göngubraut sem hlykkjaðist um í skógivaxinni fjallshlíðinni. Sums staðar í brautinni var snjórinn reyndar af mjög skornum skammti, nánast bara þunnur klaki. Þarna gengum við ríflega 20 km í rólegheitunum með góðu matarstoppi. Af merkingum við brautina mátti ráða að við hefðum hæst farið í um 1400m yfir sjávarmáli. Þá var í brautinni útsýnisstaður þar sem sjá mátti yfir Genfarvatnið og jafnframt blasti Mont Blanc við. Var þetta tilkomumikil sjón. Um kvöldið var gengið snemma til náða, enda menn staðráðnir að mæta vel hvíldir til keppni komandi helgi.

► Upp úr kl. 06:00 morguninn eftir voru ljósín í herberginu mínu kveikt. Eftir fylgdi stutt en snörp ræða herbergisfélagans um ónæði sem af hrotum mínum hefði stafað um nóttina og lítinn nætursvefn. Að þeim lestri loknum vipaði kappinn sér niður í morgunmat. Þegar allir höfðu matast var haldið af stað til

Genfarflugvallar þeirra erinda að sækja Hlyn. Gat ég ekki betur séð á leiðinni en að við Genfarvatnið væri hreinlega farið að vora. Fátt ef nokkuð á leiðinni minnti á tilgang ferðar okkar, þ.e. að ganga á skíðum.

► Næst var haldið til Morez að sækja gögn, keppnisnúmer o.þ.h. Í því húsnæði voru einnig ýmsar kynningar, meðal annars frá framleiðslu- og söluaðilum skíða-búnaðar, sem og osta! Þarna hitti Bobbi kollega sinn í Frakklandi, Benoit að nafni. Með honum voru rekstraraðilar og starfsmenn verslunar í bænum þar sem við gistum. Kom fram hjá þeim að á sumrin væri verslunin lokuð en að sá tími væri nýttur til framleiðslu á skíðum, sem bæru tegundarheitið Vandel. Enginn okkar hafði áður heyrt minnst á þann skíðaframleiðanda. Varð úr að okkur var boðið að skoða verksmiðjuna á þriðjudeginum eftir keppnina og þaðum við það boð með þökkum.

► Um kvöldið kom upp sú ótrúlega staða í herbergi okkar Bobba að ég var sá stressaði í herberginu. Karlinn var hins vegar með rólegasta móti og sofnaði fljótlega eins og ungbarn. Tók það mig vel á aðra klukkustund að sofna og nýtti ég þann tíma í að hugleiða

rækilega hvað ég væri nú búinn að koma mér út í.

► Áður en keppnisdagurinn rann upp, eða um kl. 05:30, voru ljósín í herberginu kveikt og áður en ég hafði náð að opna augun hafði Bobbi tilkynnt mér á kjarnyrtri íslensku að þessir tæpu tveir tímar sem tekið hafði mig að sofna hefðu verið þeir einu sem hann hefði sofið um nóttina. Að því búnu snaraði hann sér niður í morgumat. Ég fór á eftir honum skömmu síðar og komst þá fljótlega að því að glímuskjálftinn hafði heldur færst í aukana um nóttina og var matarlystin af þeim sökum afar takmörkuð. Ég píndi þó í mig brauði og ávaxtasafa, enda ekki skynsamlegt að fara í 42 km skíðagöngu á fastandi maga.

► Við vorum komnir snemma á svæðið við rásmarkið og höfðum því góðan tíma til að svipast um. Snjóleysið var þar allsráðandi eins og annars staðar. Snjór var nánast eingöngu í brautinni sjálfri og voru hólfin, sem keppendum voru ætluð, til að mynda næstum auð. Eftir að hafa litast um á svæðinu var farið aftur í bílinn og hvílst um stund. Því næst var fattið borið undir. Það var einfalt í þetta skiptið, multigrade eða universal klístur. Ég var að sjálfsögðu með multigrade frá Rode. Síðan kom að því að taka sér stöðu í ráshólfunum. Var ég einn okkar sex



Ráshólfin voru þéttsetin.



Mikill atgangur var í brautinni og ekki fór mikið fyrir snjónum.

í hólfri þrjú, en hinir fimm í hólfri tvö. Keppendur í elítu-flokki voru ræstir af stað með fallbyssuskoti og svo var ráshópnum hleypt úr hólfunum og á rássvæðið hverjum á fætur öðrum. Tímatökunni var þannig háttað að farið var yfir mottur um 200-300 metra frá rássvæðinu sjálfu þannig að allir keppendur fengu uppgefinn rauntíma sinn í brautinni, en ekki var miðað við þann tíma sem leið frá fallbyssuskotinu.

► Þegar ég var búinn að koma mér fyrir inni í hólfri þrjú og fylgdist með keppendum í hinum ráshópnum fara af stað fór úr mér mesti skrekkurinn og ógleðin hvarf. Mér leið því ágætlega þegar mér og hinum í ruslflokknum var hleypt inn á sjálft rássvæðið. Þar setti maður síðan á sig skíðin og stjakaði sér af stað.

► Fyrstu 6-7 km göngunnar voru á

fótinn og var brautin á þeim kafla ágæt. Þar sem talsvert af fólki sem afar lítið kunnir á skíðum hafði farið af stað á undan mér fór ég, ótrúlegt en satt, fram úr nokkrum fjölda keppenda á fyrstu kílómetrunum. Um það leyti sem halla tók undan fæti hófu keppendur að ganga hring sem genginn var tvisvar sinnum. Fyrri hluti hans lá að mestu niður í móti og varð ég að hafa mig allan við á þeirri leið, bæði við að sveigja fram hjá hægfarakeppendum og ekki síður að passa mig á að flækjast ekki fyrir elítunni, sem geystist framhjá og var á sínum öðrum hring.

► Eftir 10 km var komið að fyrstu drykkjarstöðinni, sem var í rauninni hálfgera hlaðborð. Þar skellti ég í mig einhverjum ávöxtum og dísætu tei. Eftir drykkjarstöðina lá leiðin niður í mýri en á þeim kafla var mjög lítill snjór í bland við klakann. Þegar



Menn þurftu að hafa sig alla við að standa þessa brekku.

mýrin var að baki tóku við nokkrar skærabrekkur. Síðan lá brautin niður á við á ný í nokkrum hlykkjum. Í sumum beygjanna var búið að plægja mikið og þar var brautin orðin grjóthörð og erfitt fyrir byrjanda eins og mig að standa í lappirnar. Það tókst þó einhvern veginn. Því næst tók við brekka en að henni lokinni hóf ég að ganga síðari hringinn. Hann gekk stórslysalaust fyrir sig en þar sem sporin voru öll svo illa farin skíðaði ég aðallega utan þeirra. Varð viðvaningur eins og ég að sýna sérstaka aðgæslu og varkárni í beygjunum því fyrir utan brautina beið snjólaus jörðin.

► Að öðrum hringnum loknum lá leiðin aftur að rássvæðinu. Brekkan niður að því var öll í öldum og ekkert spor sjáanlegt. Það eina sem ég hugsaði um á leiðinni niður var að fara ekki flatur, sem tókst, þó svo stundum hafi hurð skolið nærri hælum. Skammt frá rássvæðinu var síðasta drykkjarstöðin og síðan tóku við síðustu 12 km leiðarinnar. Á leiðinni upp brekkuna sem lá frá rássvæðinu fylgdist ég með þeim sem voru að koma niður og voru margir þeirra með skelfingarsvip á andlitinu. Þá sá ég nokkra fara á höfuðið með tilþrifum.

► Síðasta hluta leiðarinnar var brautin sæmileg en þó voru nokkrar beygjur þar sem búið var að plægja svo mikið að frekar minnti á bobsleðabraut en gönguskiðabraut. Einhvern veginn komst ég samt klakklaust í gegnum beygjurnar. Lokaáfanginn hófst á tveimur löngum skærabrekkum en síðan tók við rennsli í átt að markinu. Á einum stað var brautin sérstaklega þröng og þar höfðu keppendur plægt það mikið að hún var orðin að einni grjótharðri rennu. Það bjargaði málunum að starfsmenn mokuðu snjó ótt og titt í brautina til að keppendur hefðu einhvern lausan snjó til að skíða í.

► Þegar ég sá til marksins fylltist ég miklum eldmóð og lét vaða niður næstsíðustu brekkuna. Varð ferðin fullmikil þannig að ég skrónglaðist

út úr brautinni. Fyrir eitthvert glópalán reyndist vera afmarkað troðið svæði meðfram brautinni á þessum kafla og tókst mér að renna mér aftur inn í hana áður en ég stakkst inn í moldarbarð. Ég komst síðan klakklaust niður síðustu brekkuna og inn á marksvæðið. Þar ýtti ég mér eins og óður væri þar til ég komst yfir marklínuna. Lokatími minn kemst seint í sögubækurnar en tilfinningin sem því fylgdi að fara yfir marklínuna var þrátt fyrir það afskaplega góð.

► Á og við marksvæðið hitti ég hina í hópnum og höfðu þeir allir komist klakklaust í mark. Bobbi hafði þó skellt sér á andlitið þegar hann sá enga aðra leið til að forðast árekstur en var ekki alvarlega lemstraður eftir þá byltu. Að göngunni lokinni var boðið upp á sæmilega næringu fyrir keppendur sem þó jafnaðist í engu á við kökuhlaðborð Fossavatnsgöngunnar. Síðan var haldið aftur upp á hótél. Eins og áður var farið snemma í háttinn um kvöldið, enda áttu Bobbi, Hlynur og Gunnar að ganga með frjálstri aðferð daginn eftir.

► Eftir hefðbundna morgunræðu Bobba á sunnudeginum var farið niður í matsal og morgunmatur snæddur. Síðan var haldið á rás-svæðið að nýju. Mun fleiri keppendur voru nú mættir til leiks og

skiptu þeir þúsundum, en þeir höfðu „einungis“ verið um 800 daginn áður. Þá voru jafnframt mættir miklu fleiri áhorfendur. Gunnar og Bobbi voru í ráshóp tvö en Hlynur í ráshóp þrjú. Tók drjúga stund að ræsa allan fjöldann. Sérkennilegt var að ráshópur tvö fór af stað nánast um leið og keppendur úr elítunni komu til baka að rássvæðinu. Var því þröng á þingi í brautinni. Bobbi varð fyrir því óláni fljótlega eftir að hann lagði af stað að einn keppandi úr elítuhópnum braut fyrir honum annan stafinn og þurfti hann að ganga með einn staf 16-17 km áður en hann fékk annan lánaðan. Þá kvörtuðu þremmingarnir allir yfir því að mikil örtröð hefði myndast við brekkurnar í brautinni og þeir ítrekað þurft að stoppa og bíða. Allir komust þeir óskaddaðir í mark en það sama varð ekki sagt um alla keppendur. Sá ég a.m.k. í tvígang til sjúkrabyrlu meðan á göngunni stóð og þá voru sjúkrabílar einnig á ferðinni. Auk keppendanna sjálfra var búnaður margra þeirra laskaður og sáust bæði brotnir stafir og brotin skíði. Um kvöldið slakaði mannskapurinn á á hótelinu, enda takmarkinu náð. Allir höfðu lokið La Transjurassienne göngunni eins og að var stefnt.

► Á mánudag átti Hlynur flug heim og fylgdum við honum allir á flugvöllinn. Á bakaleiðinni þvældumst við um

í Les Rousses, bæ þar sem La Transjurassienne gangan hefst að öllu jöfnu.

► Er við vöknudum á þriðjudeginum sáum við að hið ótrúlega hafði gerst, það hafði snjóað. Breytti svæðið óneitanlega um svip við það og varð allt hið „skíðalegasta“. Um morguninn fórum við og skoðuðum framleiðslu Vandel-skíðanna. Held ég að það séu engar ýkjur þegar ég segi að við vorum allir gapandi yfir hinni fornfálegu aðstöðu sem þar gat að líta. Heimsóknin var þrátt fyrir það fróðleg og ánægjuleg. Eftir hádegið fórum við á skíði og prófaði ég þá Vandel-núllskíði. Reyndust skíðin fullmjúk en fattið var hins vegar frábært. Um kvöldið fórum við út að borða í Les Rousses, enda orðnir dálítið þreyttir á þeim mauksöðna mat sem var á boðstólum á hótelinu okkar.

► Á miðvikudeginum héldum við af stað áleiðis heim til Íslands, þangað sem við komum um kaffileytið á fimmtudeginum eftir stöpp yfir nótt í Kaupmannahöfn. Ég held að allir hafi verið sáttir við ferðina og flestir okkar lært eitthvað nýtt. Ég sjálfur lærði í það minnsta heilmikið. Það er ljóst að þessi ferð var mín fyrsta á göngumót erlendis, en ekki sú síðasta.

Kristinn Halldórsson

WM
straumur

Sindragötu 12b, 400 Ísafirði • Sími 456 3321

Hárkompaní
Silfurgötu 6 sími 456 6363

BÍLAVERKSTÆÐI
SB

Bilaverkstæði SB
Hjólbarðaverkstæði SB
Sindragötu 3
S: 456 3033
400 Ísafirði.

3X
TECHNOLOGY

JAKOB VALGEIR EHF.

Grundarstíg 5 - 415 Bolungarvík - Sími 450 7700

Þú velur þinn banka Íslandsbanki býður þér í viðskipti



Íslandsbanki leggur mikinn metnað í að veita góða þjónustu. Við viljum stöðugt gera betur og höfum m.a. kallað eftir hugmyndum viðskiptavina um hvernig við getum bætt þjónustna.

Við leggjum mikið upp úr bjóða úrræði og lausnir sem auðvelda viðskiptavinum okkar að taka upplýstar ákvarðanir í fjármálum.

Að flytja viðskipti sín milli banka er auðveldara en þú heldur.

Komdu í heimsókn og ráðgjafar okkar fara yfir það hvað við getum boðið þér og hvernig það gengur fyrir sig að skipta um viðskiptabanka. Við tökum vel á móti þér.

**Verið velkomin til okkar,
starfsfólk Íslandsbanka á Ísafirði.**

Við höfum margt að bjóða þér:

- Framúrskarandi ráðgjöf og þjónustu.
- Verðlaunavefinn **meniga.is** sem auðveldar þér að halda heimilisbókhalda og gera útgjaldaáætlunir.
- Fjölbreytt og sveigjanlegt úrval úrræða fyrir skuldsetta einstaklinga og fyrirtæki.
- Þægilegan netbanka þar sem þú getur leyst flest þín mál.
- Öfluga vildarþjónustu sem umbunar þeim sem nýta sér heildarþjónustu bankans.